


RÍKISREIKNINGUR

2019



RÍKISREIKNINGUR



2019

Merking tákna

- núll, þ.e. ekkert
- 0 talan er minni en helmingur þeirrar einingar sem notuð er
- . tala á ekki að koma eðli málsins samkvæmt
- ... niðurstaða ekki marktæk
- , komma aðskilur heila tölu og aukastafi

Stytting fjárhæða

Samtala undirliða þarf ekki að koma heim við heildartölu vegna styttingar talna. Fjárhæðir eru stytta vélrænt. Heildarsamtölur eru stytta sérstaklega.

ISSN 2251-5119

Útlit: Hið Opinbera!

Umbrot: Fjársýsla ríkisins



EFNISYFIRLIT

Inngangsorð fjármála- og efnahagsráðherra	Bls.	7
Ríkisreikningur 2019	8	
Áritun fjármála- og efnahagsráðherra og fjársýslustjóra	13	
Áritun ríkisendurskoðanda	15	
Yfirlitsreikningar	19	
Yfirlit um afkomu	21	
Efnahagsreikningur	22	
Sjóðstreymi	24	
Yfirlit um breytingu eigin fjár	26	
Yfirlit um rekstur málefnasviða árið 2019	27	
Skýringar	29	
1. Grunnur reikningsskila	31	
2. IPSAS innleiðing og stofnefnahagsreikningur	32	
3. Yfirlit um afmarkaða hluta ríkissjóðs	36	
4. Ríkistekjur	37	
5. Sala á vöru og þjónustu	38	
6. Aðrar tekjur	38	
7. Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	39	
8. Lífeyrisskuldbindingar	40	
9. Annar rekstrarkostnaður	41	
10. Fjármagnstilfærslur	42	
11. Rekstrartilfærslur	43	
12. Afskriftir og niðurfærslur	44	
13. Fjármunatekjur	45	
14. Fjármagnsgjöld	45	
15. Áhrif af rekstri hlutdeildar- og dótturfélaga	46	
16. Óefnislegar eignir	48	
17. Varanlegir rekstrarfjármunir	50	
18. Langtímakröfur	54	
19. Eignarhlutir í félögum	55	
20. Erlent stofnfé	56	
21. Óinnheimtar tekjur	56	
22. Birgðir	57	

23. Skammtímakröfur	57	Bls.
24. Handbært fé	58	
25. Langtímaskuldbindingar	59	
26. Langtímaskuldir	61	
27. Sérleyfissamningar	63	
28. Lánastofnanir og ríkisvúlar	64	
29. Ýmsar skammtímaskuldir	64	
30. Upplýsingar um atburði eftir reikningsskiladag	65	
31. Áhættuþættir og áhættustýring	66	
32. Yfirlit um helstu reikningsskilaáðferðir	71	

Séryfirlit	75	
1. Ríkistekjur	77	
2. Sundurliðun málaflokka	80	
3. Samandreginn rekstur ríkisaðila	94	
4. Samandreginn efnahagur ríkisaðila	102	
5a. Heildarfjárveiting eftir málefnasviðum og málaflokkum – heimild til rekstrar	109	
5b. Heildarfjárveiting eftir málefnasviðum og málaflokkum – heimild til fjárfestingar	123	
5c. Heildarfjárveiting eftir ríkisaðilum í A-hluta – heimild til rekstrar	130	
5d. Heildarfjárveiting eftir ríkisaðilum í A-hluta – heimild til fjárfestingar	138	
6. Millifærslur fjárveitinga innan A-hluta	142	
7. Samandreginn rekstur B- og C-hluta	152	
8. Samandreginn efnahagur B- og C-hluta	153	
9. Heildarafkoma - samanburður við fjárlög	154	
10. Skattastyrkir	156	
11. Markaðar tekjur samanborið við útgjöld	157	
12. Markaðir tekjustofnar - innheimta og ráðstöfun	158	
13. Staða ríkisaðila sem áður nutu markaðra tekna	160	
14. Sala efnislegra eigna samkvæmt heimildagreinum fjárlaga	163	
15. Skuldbindandi langtímasamningar	164	
16. Heimild til flutnings fjárheimilda milli ára	179	

Inngangsorð fjármála- og efnahagsráðherra

Á árinu 2019 leið að lokum lengsta hagvaxtarskeiðs í hagsögu Íslands sem varði samfellt í níu ár. Hraður uppgangur ferðaþjónustu átti þar stóran hlut að máli. Á þessu vaxtarskeiði sýndu stjórnvöld þá fyrirhyggju að styrkja mjög fjárhag hins opinbera með ábyrgri fjármálastefnu. Skuldir ríkissjóðs voru lækkaðar hröðum skrefum. Samið var um uppgjör á umtalsverðum hluta lífeyrisskuldbindinga ríkisins og umfangsmikið lánasafn opinbera húsnæðislánakerfisins tekið til úrvinnslu. Samhliða góðri afkomu undanfarin ár reyndist einnig kleift að gera margvíslegar umbætur í skattkerfinu og veita verulegum fjármunum til að treysta velferðarkerfið og innviði landsins. Efnahagsreikningur ríkissjóðs fyrir árið 2019 ber þess glögg merki að ríkið er vel í stakk búið til að geta tekið á sig ágjöf, sem sést m.a. á því að í lok ársins var skuldahlutfall ríkissjóðs orðið lægra en nokkru sinni síðan 2008 og vel innan marka samkvæmt skuldareglu laga um opinber fjármál.

Á fyrstu mánuðum ársins 2019 voru þegar blikur á lofti í efnahagsumhverfinu. Ein af undirstöðu atvinnugreinum landsins, ferðaþjónustan, varð fyrir verulegum búsigjum með falli annars af tveimur millilalandaflugfélögum landsins. Í kjölfarið fjaraði undan vexti greinarinnar og all nokkur fækkun ferðamanna var í auglýn. Þess sá fljótt stað í minni efnahagssumsvifum og auknu atvinnuleysi og einkennist versnandi afkoma ríkissjóðs sem fram kemur í ríkisreikningi ársins að miklu leyti af beinum og óbeinum áhrifum af þessum völdum.

Ríkisreikningur 2019 er nú birtur í þriðja sinn í samræmi við ákvæði laga um opinber fjármál. Innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla fyrir opinbera aðila gengur vel en aðeins á eftir að innleiða nokkra staðla áður en fullri innleiðingu lýkur.

Samkvæmt ríkisreikningi var rekstrarafkoman jákvæð um 42 ma.kr. til samanburðar við 84 ma.kr. afgang árið 2018. Tekjur námu samtals 830 ma.kr. og rekstrargjöld 809 ma.kr. Hrein fjármagnsgjöld voru neikvæð um 57 ma.kr. en hlutdeild í afkomu félaga í eigu ríkisins var jákvæð um 78 ma.kr.

Þess ber að geta að rekstrarafkoma ríkisreiknings er birt á grunni reikningsskilastaðla fyrir opinbera aðila (IPSAS) en heildarafkoma í fjármálaáætlun og fjárlögum er birt samkvæmt hagskýrslustaðli (GFS). Báðum aðferðum er ætlað að tryggja samkvæmni og alþjóðlega samanburðarhæfni. Til að bera afkomu ríkissjóðs samkvæmt ríkisreikningi við afkomumarkmið fjármálaáætlunar og fjárlaga þarf því að aðlaga niðurstöðu ríkisreiknings að hagskýrslustaðlinum. Á þeim grunni var heildarafkoma ríkissjóðs árið 2019 neikvæð um 39 ma.kr. sem er um 24 ma.kr. lakari en endurskoðuð áætlun ársins gerði ráð fyrir. Fjárlög ársins 2019 gerðu ráð fyrir að heildarafkoma yrði jákvæð um 29 ma.kr.

Efnahagsreikningurinn tók umtalsverðum breytingum í ársbyrjun 2017, þegar m.a. var farið að eignfæra varanlega rekstrarfjármuni, og gefur hann nú góða heildarmynd af eignum, skuldum og eiginfjárstöðu ríkissjóðs. Heildareignir í árslok 2019 voru 2.355 ma.kr., skuldir 1.947 ma.kr. og eigið fé 408 ma.kr., sem er lækkun um 205 ma.kr. en það skýrist að stærstum hluta af innleiðingu á breyttum reikningsskilum.

Nú er orðið ljóst að sá móttbyr sem ferðaþjónustan mætti snemma árs 2019 var aðeins forleikur að þeim ófyrirséðu efnahagshremmingum á flestum sviðum atvinnulífsins sem fylgdu heimsfaraldri kórónuveirunnar á vordögum þessa árs. Má telja að þróun mála árið 2019 hefði getað orðið upphafið að skammvinnri efnahagslæggð en að hún hafi nú stökkbreyst í einn dýpsta og víðtækasta efnahagsskell í manna minnum. Engu að síður telja flestir spáaðilar að kreppan verði skammvinn og að efnahagsbatinn hefjist þegar á árinu 2021. Miklu varðar við þessar aðstæður að traust fjárhagsstaða ríkissjóðs og tiltrú á umgjörð efnahagsmála gera stjórnvöldum fært að bregðast við áfallinu af miklum þunga og mynda mótvægi og skjól fyrir fyrirtæki og heimili.

Ein helsta áskorun stjórnvalda framundan er að skapa góð skilyrði fyrir efnahagsbata og nýju hagvaxtarskeiði. Áhersla verður lögð á arðbærar fjárfestingar, menntun, auknar grunnrannsóknir og nýsköpun sem gera Íslandi kleift að vaxa út úr þessum tímabundnu efnahagsþrengingum. Einnig þarf að bæta nýtingu fjármuna og auka skilvirkni og framleiðni hjá hinu opinbera. Svigrúm ríkissjóðs til að auka við skuldir sínar gerir stjórnvöldum betur kleift að verja grunnstoðir samfélagsins og tryggja öfluga viðspyrnu fyrir íslenskt efnahagslíf án þess að fórna sjálfbærni opinberra fjármála.



Ríkisreikningur 2019

Ríkisreikningurinn er settur fram í samræmi við lög nr. 123/2015 um opinber fjármál (LOF) sem tóku gildi í ársbyrjun 2016. Í bráðabirgðaákvæði I í lögnum var áhrifum þeirra á uppgjör ríkisreiknings frestað til ársins 2017. Ríkisreikningurinn fyrir árið 2017 var því fyrsti reikningurinn sem gerður var samkvæmt nýjum lögum sem kveða á um að A- hluti ríkissjóðs í heild skuli gerður á grundvelli alþjóðlegra reikningsskilastaðla fyrir opinbera aðila (IPSAS) og með ríkisreikningi fyrir árið 2019 er haldið áfram innleiðingu breyttra reikningsskila.

Breytt framsetning og umgjörð

Í 56. gr. LOF kemur fram að ríkisreikningur skuli settur fram í tveimur hlutum þar sem fyrri hlutinn nær yfir fjárreiður A-hluta ríkissjóðs í heild og seinni hlutinn innihaldi samandregnar upplýsingar um fjármál ríkisaðila og lykiltölur úr ársreikningum í A-, B- og C-hluta. Samkvæmt þessu skal birta í fyrri hlutanum eftirfarandi upplýsingar:

- Reikningsskil fyrir síðasta fjárhagsár, gerð á grundvelli alþjóðlegra reikningsskilastaðla fyrir opinbera aðila (IPSAS)
- Framsetningu og flokkun samkvæmt alþjóðlegum hagskýrslustaðli um opinber fjármál (GFS)
- Reikningstölur með samanburði við ráðstöfunarheimildir reikningsársins, fjárlög og reikningstölur næstliðins árs
- Flokkun og ráðstöfun fjárheimilda eftir uppruna þeirra
- Millifærslu fjárveitinga innan málaflokks sem samþykktar hafa verið og birtar
- Sundurliðuð yfirlit um helstu flokka eigna og skulda í efnahag A-hluta ríkissjóðs í heild
- Yfirlit sem sýni tekjur ríkissjóðs af nýtingu auðlinda í ríkiseigu og vegna takmarkaðra réttinda sem stjórnvöld ráðstafa
- Sundurliðuð yfirlit um skattastyrki, sem ekki eru útborganlegir, skal sýnt sérstaklega í tekjuyfirliti

Innleiðing á breyttum reikningsskilum hefur verið unnin í samræmi við innleiðingaráætlun á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sem byggir á heimildum í LOF og IPSAS númer 33 um innleiðingu reikningsskilastaðla. Samkvæmt þeirri innleiðingaráætlun var gert ráð fyrir að innleiðingunni myndi ljúka með framlagningu ríkisreiknings fyrir árið 2019. Þetta gekk hins vegar ekki eftir og nýtti reikningsskilaráð sér heimildir í LOF til að fresta innleiðingu á nokkrum stöðlum í samræmi við ósk fjármála- og efnahagsráðuneytis og Fjársýslu ríkisins. Umfjöllun um það með hvaða hætti einstaka staðlar eru innleiddir er að finna í skýringu 2 þar sem bæði er fjallað um heimildir til að fresta innleiðingu staðla sem og það hvernig þær heimildir eru nýttar. Í fyrri hluti ríkisreiknings er ársreikningur A-hluta ríkissjóðs sem samanstendur af yfirliti um afkomu, efnahagsreikningi, sjóðstreymi, yfirliti um breytingu eigin fjár og yfirliti um rekstur málefna sviða ásamt viðeigandi skýringum. Í seinni hluta ríkisreiknings er að finna ýmis séryfirlit og sundurliðanir sem gefa frekari upplýsingar um ríkisfjármálin.

Reikningsskil fyrir árið 2019 eru gerð á grundvelli IPSAS staðlanna með þeim frávikum sem fjallað er um í skýringu 2 og öðrum skýringum. Reikningsskilin nú uppfylla því ekki staðla IPSAS að fullu.

Framsetning og flokkun samkvæmt GFS staðli er sú flokkun og framsetning sem fjárlög hvers árs miða við. Þótt GFS staðallinn sé að mörgu leyti samanburðarhæfur við IPSAS þá eru þar ákveðin frávik í veigamiklum stærðum. Vegna þessa er afkoma ríkissjóðs ekki samanburðarhæf við fjárlög. Hagstofa Íslands birtir framsetningu og flokkun á heildarafkomu ríkissjóðs samkvæmt GFS og byggir það á niðurstöðum ríkisreiknings. Sem dæmi um aðlaganir þar sem GFS meðhöndlar ákveðna þætti með ólíkum hætti eru hlutdeildartekjur frá félögum, gengismunur og uppreikningur á líffeyriskuldbindingum. Endanlegt uppgjör Hagstofunnar liggur ekki fyrir en aðlögun að þeirri aðferðafræði sem byggir að mestu á gögnum frá Hagstofunni er birt í töflu hér á eftir og í séryfirliti 9 samanborið við fjárlög og fjáraukalög. Samkvæmt þessari aðlögun var heildarafkoma ríkissjóðs neikvæð um 38,9 ma.kr. á árinu 2019 samanborið við jákvæða afkomu upp á 28,6 ma.kr. sem fjárlög gerðu ráð fyrir.

Í millj. kr.	Reikningsskil aðlöguð að fjárlagagrunni	Fjárlög	Frávik	Áætlun	Frávik
Heildartekjur	828.543	892.026	-63.483	862.162	-33.619
Skatttekjur	654.251	698.003	-43.752	679.210	-24.959
Tryggingagjöld	96.699	100.847	-4.148	97.796	-1.097
Aðrar tekjur	77.593	93.176	-15.583	85.155	-7.562
Heildargjöld	867.413	863.457	3.956	877.011	-9.598
Rekstrarútgjöld	419.030	422.820	-3.790	433.488	-14.458
Tilfærslur	423.550	410.834	12.716	425.589	-2.040
Fastafjárútgjöld	24.833	29.803	-4.970	17.934	6.899
Heildarafkoma	-38.870	28.569	-67.439	-14.850	-24.020

Í LOF er gert ráð fyrir að reikningstölur séu birtar með samanburði við ráðstöfunarheimildir reikningsársins, fjárlög og reikningstölur næstliðins árs. Í þessum reikningi eru birtar samanburðartölur við fyrra ár en í fjárlögum og fjáráukalögum eru fjárheimildir ekki birtar á sama grunni og reikningsskilastaðlarnir eru. Ekki er birtur rekstrarreikningur í fjárlögum og því ekki hægt að birta þær samanburðartölur nú. Í yfirliti um útgjöld málefnasviða er birtur samanburður við fjárlög, enda eru þær fjárheimildir samþykktar af Alþingi og koma fram í fjárlögum og fjáráukalögum ársins 2019. Þá er í séryfirlitum sömuleiðis birtur samanburður ríkisaðila í A-hluta við fjárheimildir.

Flokkun og ráðstöfun fjárheimilda eftir uppruna þeirra er birt í séryfirliti 5 í seinni hluta ríkisreiknings. Þar er flokkunin eftir ríkisaðilum í A-hluta sem eru þau uppgjör sem ríkisreikningurinn byggir á. Séryfirlitið er í fjórum hlutum, eftir málefnasviðum og málaflokkum niður í rekstur og fjárfestingu og síðan niður á ríkisaðila í A-hluta eftir rekstri og fjárfestingu.

Millifærslum fjárveitinga innan málaflokka er gerð grein fyrir í séryfirliti 6 í seinni hluta ríkisreiknings.

Sundurliðuð yfirlit um helstu flokka eigna og skulda í efnahag A-hluta ríkissjóðs í heild er að finna í skýringum með ársreikningnum sem sundurliða þær eignir og skuldir sem liggja til grundvallar stærðum í efnahagsreikningi.

Yfirlit sem sýnir tekjur ríkissjóðs af nýtingu auðlinda í ríkiseigu og vegna takmarkaðra réttinda sem stjórnvöld ráðstafa er ekki birt. Unnið er að því að skilgreina hvað á að falla hér undir og ná saman viðeigandi upplýsingum. Gert er ráð fyrir því að slíkt yfirlit verði birt í næsta ríkisreikning.

Sundurliðað yfirlit um skattastyrki, sem ekki eru útborganlegir er birt sem séryfirlit 10 í seinni hluta ríkisreikningsins. Það er sambærilegt við yfirlit sem birt er í fjárlögum hvers árs.

Helstu breytingar

Í reikningnum fyrir árið 2017 urðu töluverðar breytingar á ríkisreikningnum á milli ára. Annars vegar er um breytta bókhaldsmeðferð á ákveðnum þáttum og hins vegar um breytta framsetningu á talnaefni. Í lögum nr. 88/1996 um fjárreiður ríkisins var getið um að reikningshaldið byggir á lögum um ársreikninga en þó með veigamiklum frávikum sem nú eru afnumin. Í þessum reikningi er haldið áfram með innleiðinguna og haldið er áfram að þróa upplýsingagjöf og textaskýringar í samræmi við kröfur. Nokkrar breytingar eru gerðar á stofnefnahagsreikning og er fjallað um áhrif þessara breytinga í töflu í skýringu 2. Heildaráhrifin af þessum breytingum á árið 2019 eru lækkun á eigin fé um 257,9 ma.kr. sem skýrist að stærstum hluta með uppskiptingu Íbúðalánasjóðs og tilheyrandi breytingum á stofnefnahag og breytingum á útreikningi líffeyrisskuldbindinga.

Frekar er fjallað um reikningsskilaaðferðir í texta með hverri skýringu að viðbætti skýringu 32 um mikilvægar reikningsskilaaðferðir. Þá er sömuleiðis í skýringu 2 fjallað ítarlega um innleiðingu breyttra reikningsskila.

Afkoma ríkissjóðs

Rekstrarafkoma ríkissjóðs fyrir árið 2019 var jákvæð um 42,3 ma.kr. samanborið við 84,4 ma.kr. á árinu 2018. Rekstrartekjur námu 830,0 ma.kr. þar sem ríkistekjur, sem að stærstum hluta eru skatttekjur, námu 792,1 ma.kr. og tekjur af annarri starfsemi námu 37,9 ma.kr. Rekstrargjöld A-hluta ríkissjóðs námu samtals 809,2 ma.kr. þar sem starfsmannakostnaður nam 229,7 ma.kr., annar rekstrarkostnaður 193,8 ma.kr., tilfærslur 365,2 ma.kr. og afskriftir og niðurfærslur 20,0 ma.kr. Afkoma fyrir fjármagnsliði og hreina afkomu af hlutdeildarfélögum var jákvæð um 20,7 ma.kr. samanborið við 48,7 ma.kr. á fyrra ári. Fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur námu 56,7 ma.kr. Hrein afkoma af hlutdeildarfélögum og samrekstri var jákvæð um 78,3 ma.kr. samanborið við 91,4 ma.kr.

Í millj. kr.	2019	2018
Ríkistekjur samtals	792.096	793.726
Tekjur af starfsemi samtals	37.861	34.523
Tekjur samtals	829.957	828.249
Rekstrarkostnaður	423.505	438.663
Tilfærslur	365.713	322.007
Afskriftir og niðurfærslur	20.020	18.871
Gjöld samtals	809.238	779.541
Afkoma fyrir fjármagnsliði og afkomu af hlutdeildarfélögum og samrekstri	20.719	48.708
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals	-56.730	-55.754
Hrein afkoma af hlutdeildarfélögum og samrekstri	78.271	91.420
Afkoma ársins	42.260	84.375

Tekjur ríkissjóðs að frádregnum fjármunatekjum og afkomu af hlutdeildarfélagum og samrekstri á árinu 2019 námu eins og áður segir 830,0 ma.kr. Af því námu tekjur af virðisaukaskatti 242,2 ma.kr, skattar á tekjur og hagnað einstaklinga um 199,3 ma.kr., tekjur af tryggingagjöldum um 98,9 ma.kr., skattar á tekjur og hagnað lögaðila um 67,8 ma.kr. og tekjur af vörugjöldum um 66,9 ma.kr.

Gjöld ríkissjóðs á árinu 2019 að frádregnum fjármagnsgjöldum námu 809,2 ma.kr. Af þessum gjöldum munaði mest um rekstrartilfærslur sem námu 349,8 ma.kr. á árinu samanborið við 302,9 ma.kr. á fyrra ári. Þá nam starfsmannakostnaður 229,7 ma.kr. á árinu, annar rekstrarkostnaður 193,8 ma.kr., fjármagnstilfærslur 15,9 ma.kr. og afskriftir og niðurfærslur 20,0 ma.kr.

Fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur námu 56,7 ma.kr. samanborið við 55,8 ma.kr. á fyrra ári þar sem fjármagnsgjöld námu 62,7 ma.kr. og fjármunatekjur 5,9 ma.kr.

Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага og samrekstrar var jákvæð um 78,3 ma.kr. samanborið við 91,4 ma.kr. á fyrra ári. Hlutdeild í jákvæðri rekstrarafkomu Seðlabanka Íslands nam 23,6 ma.kr., afkoma Landsvirkjunar var jákvæð um 12,6 ma.kr., Landsbanka Íslands um 16,4 ma.kr. og Íslandsbanka um 8,2 ma.kr.

Þegar horft er á sjóðstreymið þá nam handbært fé frá rekstri 53,9 ma.kr. samanborið við 72,6 ma.kr. á fyrra ári. Fjárfestingahreyfingar voru neikvæðar um 27,5 ma.kr. þar sem mest munar um kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna sem nam 41,9 ma.kr. Hreint innstreymi vegna fjármögnunarhreyfinga nam um 27,1 ma.kr. þar sem munar mest um tekin langtímalán að fjárhæð 110,3 ma.kr. og afborganir langtímalána 80,2 ma.kr. Handbært fé ríkissjóðs jókst um 53,5 ma.kr. og nam 270,1 ma.kr. í árslok.

Efnahagsreikningur ríkissjóðs

Með breyttum reikningsskilum er ljóst að efnahagsreikningur ríkissjóðs er að umbreytast og endurspeglar betur eigna- og skuldastöðu ríkissjóðs en áður, þar sem til dæmis fjárfestingar eru eignfærðar en voru gjaldfærðar áður og mat á eignum, skuldum og skuldbindingum breytist til samræmis við IPSAS.

Niðurstöður efnahagsreiknings í árslok 2019 voru þær að eignir námu samtals 2.355,2 ma.kr, skuldir og skuldbindingar samtals um 1.947,3 ma.kr. og eigið fé jákvætt um 407,9 ma.kr.

Í millj. kr.	31.12.2019	31.12.2018
Fastafjármunir	1.949.730	1.824.063
Veltufjármunir	405.451	399.985
Eignir samtals	2.355.181	2.224.048
Eigið fé	407.859	613.243
Langtímaskuldir og skuldbindingar	1.686.957	1.419.755
Skammtímaskuldir	260.365	191.049
Skuldir samtals	1.947.322	1.610.804
Eigið fé og skuldir samtals	2.355.181	2.224.048

Eignirnar skiptast í fastafjármuni og veltufjármuni. Undir fastafjármuni flokkast meðal annars varanlegir rekstrarfjármunir sem námu 905,9 ma.kr. í árslok. Eignarhlutir í félögum námu, miðað við hlutdeild í eigið fé þeirra, samtals um 971,0 ma.kr. og erlent stofnfé um 11,3 ma.kr. Þá voru langtímakröfur 60,0 ma.kr. í árslok. Veltufjármunir námu 405,5 ma.kr. í árslok þar sem óinnheimtar tekjur námu 109,8 ma.kr. og handbært fé 270,1 ma.kr. Aðrar skammtímakröfur námu 20,2 ma.kr., næsta árs afborganir af langtímakröfum 2,1 ma.kr. og birgðir 3,3 ma.kr.

Skuldinarnar skiptast í langtímaskuldir og skuldbindingar annars vegar og skammtímaskuldir hins vegar. Langtímalán námu 941,6 ma.kr. í árslok og lífeyrisskuldbindingar og aðrar skuldbindingar samtals um 729,7 ma.kr. Langtímaskuldir og skuldbindingar samtals námu 1.687,0 ma.kr. Skammtímaskuldir námu samtals 260,4 ma.kr. þar sem neikvæð staða gagnvart lánastofnunum og ríkisvxlum nam 50,5 ma.kr., næsta árs afborganir langtímalána 108,8 ma.kr., viðskiptaskuldir 22,9 ma.kr. og ýmsar skammtímaskuldir 78,2 ma.kr.

Eigið fé var eins og áður segir jákvætt um 407,9 ma.kr. en í lok árs 2018 var eigið fé jákvætt um 613,2 ma.kr. Stór hluti af breytingunni milli ára skýrist með innleiðingu breyttra reikningsskila eins og ítarlega er fjallað um í skýringu 2.

Heildarsamstæða ríkissjóðs

Einn af þeim stöðlum sem innleiðingu var frestað á snýr að samstæðureikningsskilum og í þessum reikningi er ekki tekinn saman samstæðureikningur fyrir ríkissjóð í heild. Yfirlit um afkomu og efnahagsreikningur miða við samstæðu A-hluta ríkissjóðs og eru áhrif af B- og C-hluta félögum tekin inn í gegnum hlutdeild í afkomu. Heildarsamstæðan liggur því ekki fyrir en nálgun að þeim stærðum er að finna í yfirliti hér á eftir. Í þessu yfirliti er aðeins unnið með heildarstærðir úr ársreikningum B- og C-hluta aðila að viðbættum tölum úr ríkisreikningi fyrir A-hluta. Ekki er búið að eyða út innbyrðisviðskiptum í þessu yfirliti og það sem kemur þarna undir innbyrðisfærslur eru eingöngu áhrif hlutdeildarfélaganna á fjárhag A-hluta sem verið er að eyða út til að tryggja að þau séu ekki tvítalin.

Í millj. kr.	A-hluti ríkissjóðs	B-hluti ríkissjóðs	C-hluti ríkissjóðs	Innbyrðis- færslur	Samstæða ríkissjóðs samtals
Rekstrartekjur	829.957	59.507	192.344	-	1.081.808
Rekstrargjöld	809.238	50.860	182.040	-	1.042.139
Afkoma fyrir fjármagnsliði og áhrif hlutdeildarféлага	20.719	8.647	10.304	-	39.669
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	-56.730	1.479	80.017	-	24.766
Annað	78.271	-1.155	-21.020	-78.271	-22.175
Afkoma ársins	42.260	8.971	69.300	-78.271	42.260
Eignir	2.156.211	1.000.043	4.262.783	-791.347	6.627.690
Skuldir	1.748.352	1.029.999	3.337.361	-	6.115.713
Eigið fé 31.12.2019	407.859	-29.956	925.422	-791.347	511.977

Þetta yfirlit er sett fram fyrst og fremst til að gefa mynd af umfangi heildarinnar. Þarna má t.d. sjá að eignir A-, B- og C-hluta samtals nema rúmlega 6.600 ma.kr. í árslok og rekstrartekjur (að meðtöldum skatttekjum) nema tæplega 1.100 ma.kr. Eins og áður sagði þá er þarna ekki búið að eyða út innbyrðisviðskiptum milli félaga og sömuleiðis liggur ekki fyrir munur á reikningsskilaaðferðum A-hluta sem gerir upp samkvæmt IPSAS og félögum sem gera upp samkvæmt ársreikningalögum eða IFRS.

Áritun fjármála- og efnahagsráðherra og fjársýslustjóra

Ríkisreikningur 2019 er gerður samkvæmt ákvæðum laga um opinber fjármál nr. 123/2015 (LOF). Reikningurinn er settur fram í tveimur hlutum og nær fyrri hlutinn yfir fjárreiður A-hluta ríkissjóðs í heild. Seinni hlutinn inniheldur samandregnar upplýsingar um fjármál ríkisaðila og lykiltölur úr ársreikningum ríkisaðila í A-, B- og C-hluta ásamt séryfirlitum og sundurliðunum.

Ríkisreikningur fyrir A-hluta ríkissjóðs í heild byggir á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum fyrir opinbera aðila á rekstrargrunni (IPSAS). Samkvæmt innleiðingaráætlun átti innleiðingu IPSAS að ljúka með framlagningu ríkisreiknings 2019. Reikningsskilaráð ríkisins hefur heimild í lögum um opinber fjármál til þess að fresta innleiðingu staðla tímabundið. Ekki náðist að innleiða staðlana að fullu og samþykkti reikningsskilaráðið að ósk fjármála- og efnahagsráðuneytis og Fjársýslu ríkisins að fresta tímabundið eftirfarandi stöðlum, en betur er gerð grein fyrir því í skýringum:

- IPSAS 13 – um leigusamninga
- IPSAS 29 – um fjármálagerninga
- IPSAS 35 – um samstæðureikningsskil
- IPSAS 36 – um fjárfestingar í hlutdeildarfélagum og sameiginlegum verkefnum (að hluta)
- IPSAS 37 – um sameiginlegt fyrirkomulag (joint arrangement)
- IPSAS 38 – um upplýsingagjöf um hagsmuni í öðrum einingum

Innleiðingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla er ekki lokið og við mat og túlkun á fjárhagslegum stærðum er nauðsynlegt að líta til áhrifa af frestunum sem fjallað er um í skýringu 2 og annarrar umfjöllunar og fyrirvara í ríkisreikningnum. Liður í innleiðingarferli er að rýna flokkun starfsþátta ríkissjóðs og samræmi þess við kröfur í stöðlum og er sú vinna í gangi.

Ríkisreikningurinn fyrir A-hlutann í heild inniheldur yfirlit um afkomu, efnahagsreikning, sjóðstreymi, yfirlit um breytingu á eigin fé, yfirlit um útgjöld málefnasviða og skýringar með rauntölum ársins og samanburði við fyrra ár. Áætlanir fyrir árið á samanburðarhæfu formi liggja ekki fyrir en í yfirliti um rekstur málefnasviða fyrir árið 2019 eru sýndar fjárheimildir til einstakra málefnasviða í samanburði við gjöld ársins.

Að mati fjármála- og efnahagsráðherra og fjársýslustjóra gefur yfirlit um afkomu 2019, efnahagsreikningur 31. desember 2019, yfirlit um breytingu eigin fjár á árinu 2019, sjóðstreymi ársins 2019 og skýringar með þeim yfirlitum, glögga mynd af rekstri A-hluta ríkissjóðs í heild á árinu 2019 og stöðu í lok árs í samræmi við ákvæði í lögum um opinber fjármál að teknu tilliti til fyrrgreindra fyrirvara sem fjallað hefur verið um og koma fram í reikningnum.

Hér með staðfesta fjármála- og efnahagsráðherra og fjársýslustjóri ríkisreikning 2019 með rafrænni undirritun sinni.

Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra

Ingbór Karl Eiríksson, fjársýslustjóri

Undirritunarsíða

fjármála- og efnahagsráðherra
Bjarni Benediktsson



Undirritað af:
Bjarni Benediktsson
2601705549
Dags: 09.07.2020
Tími: 11:02:07
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 9f65e9f0-
cbdf-4902-b1de-
61d55c5dfc9c

fjársýslustjóri
Ingþór Karl Eiríksson



Undirritað af:
Ingþór Karl Eiríksson
0401744869
Dags: 09.07.2020
Tími: 08:49:32
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 9f65e9f0-
cbdf-4902-b1de-
61d55c5dfc9c

Áritun ríkisendurskoðanda

Til Alþingis

Álit

Ríkisreikningur ársins 2019 var endurskoðaður samkvæmt lögum 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga. Reikningurinn tekur til ríkisaðila í A-hluta sem fara með ríkisvald skv. 13. tölulið 3. gr. laga nr. 123/2015, um opinber fjármál sbr. 1. tölulið 1. mgr. 50. gr. laganna.

Ríkisreikningurinn hefur að geyma staðfestingu fjármála- og efnahagsráðherra og fjársýslustjóra, yfirlit um afkomu ársins 2019, efnahagsreikning 31. desember 2019, sjóðstreymi ársins 2019, yfirlit um breytingu á eigin fé, yfirlit um útgjöld að frádregnum rekstrartekjum eftir málefnasviðum árið 2019 og skýringar nr. 1 – 31. Auk þessa fylgja ríkisreikningi séryfirlit nr. 1 – 16 en þau eru ekki endurskoðuð.

Innleiðing reikningsskilastaðla fyrir opinbera aðila (IPSAS) fyrir Ríkissjóð Íslands hefur staðið yfir en er ekki að fullu lokið. Unnið hefur verið að innleiðingu staðalsins og miðuðust tímamörk innleiðingar við 1. janúar 2017 sbr. ákvæði til bráðabirgða I í lögnum. Á þriggja ára innleiðingartíma hefur þó ekki tekist að ljúka fullri innleiðingu í samræmi við ákvæði staðalsins og gildandi innleiðingaáætlun. Reikningsskilaráð ríkisins fyrir A- hluta hefur veitt viðbótarfrest til að ljúka innleiðingu sbr. heimild í 52. gr. laga nr. 123/2015. Heimildin er bundin því skilyrði að fyrir 1. nóvember 2020 leggi fjármála- og efnahagsráðuneytið og Fjársýsla ríkisins fram tímasetta áætlun um hvernig unnið verður að því að uppfylla kröfur staðalsins.

Með vísan til samþykktar reikningsskilaráðs um heimild til frestunar og ábendinga í áritun er það álit ríkisendurskoðanda að ríkisreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu ríkissjóðs 31. desember 2019, afkomu ríkissjóðs árið 2019 og breytingu á handbæru fé á árinu 2019 í samræmi við lög nr. 123/2015 um opinber fjármál.

Ábendingar

Ríkisendurskoðandi vísar til eftirfarandi skýringa og athugasemda í þeim.

- Með lögum nr. 123/2015, um opinber fjármál voru gerðar umfangsmiklar breytingar á reikningsskilum ríkissjóðs. Frá og með árinu 2017 skal A- hluti ríkissjóðs í heild gerður á grundvelli alþjóðlegra reikningsskilastaðla fyrir opinber aðila (IPSAS) sem miða við rekstrargrunn. Í skýringu nr. 2 er gerð grein fyrir breyttum grundvelli reikningsskila ríkissjóðs, nýtingu frestunarheimilda, stöðu innleiðingar og áhrif þess á glögga mynd ríkisreikningsins að innleiðingu IPSAS er ekki lokið í árslok 2019.
- Eins og nánar greinir í skýringu nr. 2 er frestað innleiðingu á 6 stöðlum og efnislega gerð grein fyrir áhrifum þess á ríkisreikninginn og ástæðum þess að innleiðingu er frestað. Um eftirfarandi staðla er að ræða;
 - IPSAS 13 - um leigusamninga
 - IPSAS 29 - um fjármálagerninga
 - IPSAS 35 - um samstæðureikningsskil
 - IPSAS 36 - um fjárfestingar í hlutdeildarfélagum og sameiginlegum verkefnum að hluta
 - IPSAS 37 - um samrekstur (e. joint arrangement)
 - IPSAS 38 - um upplýsingagiöf um hagsmuni í öðrum einingum.

Grundvöllur fyrir áliti

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila (ISSAI). Ábyrgð samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst hér síðar. Ríkisendurskoðandi og starfsmenn hans eru óháðir

ríkissjóði og hafa unnið í samræmi við lög nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga og siðareglur alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana (INTOSAI)

Ríkisendurskoðandi telur að við endurskoðun ríkisreiknings 2019 hafi verið aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að undirbyggja álit á reikningnum.

Ábyrgð fjármála- og efnahagsráðherra og fjársýslustjóra á ríkisreikningnum

Fjármála- og efnahagsráðherra og fjársýslustjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ríkisreikningsins í samræmi við lög nr. 123/2015, um opinber fjármál, settar reglur og fyrirmæli. Sú ábyrgð nær til þess innra eftirlits sem nauðsynlegt er að sé til staðar við gerð og framsetningu ríkisreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð ríkisendurskoðanda á endurskoðun ríkisreikningsins

Markmið endurskoðunar á vegum Ríkisendurskoðunar er að afla nægjanlegrar vissu um að ríkisreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit á ríkisreikningnum.

Nægjanleg víska er mikið öryggi, en ekki trygging þess að endurskoðun sem er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda reikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun á vegum Ríkisendurskoðunar er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila og hún byggir á faglegrri dómgreind og gagnrýni. Þá ber við endurskoðunina að fara eftir ákvæðum laga um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga nr. 46/2016. Í þessu felst að við endurskoðun ber að:

- Greina og meta hættuna á verulegri skekkju í ríkisreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, skipuleggja og framkvæma endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og afla endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að undirbyggja álit á reikningnum. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, villandi framsetningu ríkisreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá reglum innra eftirlits.
- Kanna hvort rekstur og umsvif séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, samninga og starfsvenjur þar sem það á við.
- Afla skilnings á innra eftirliti í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir og meta hvort það tryggir viðunandi árangur.
- Meta hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda ásamt tengdum skýringum séu viðeigandi í samræmi við reikningsskilareglur fyrir opinbera aðila.
- Meta í heild sinni hvort ríkisreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, meta framsetningu, uppbyggingu og innihald, þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Ríkisendurskoðandi gerir Alþingi nánari grein fyrir niðurstöðu endurskoðunarinnar í sérstakri skýrslu.

Ríkisendurskoðun, 9. júlí 2020

Skúli Eggert Þórðarson
ríkisendurskoðandi

Undirritunarsíða

ríkisendurskoðandi
Skúli Eggert Þórðarson



Undirritað af:
Skúli Eggert Þórðarson
1702532649
Dags: 09.07.2020
Tími: 09:14:19
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: afadb695-
a624-4c64-a58d-
422e02200de5

RÍKISREIKNINGUR



YFIRLITSREIKNINGAR

Yfirlit um afkomu

Í millj. kr.	Skýring	2019	2018
Tekjur			
Skatttekjur		671.098	664.850
Tryggingagjöld		98.913	98.757
Aðrar ríkistekjur		22.085	30.118
Ríkistekjur samtals	4	792.096	793.726
Sala á vöru og þjónustu	5	21.171	25.542
Aðrar tekjur	6	16.690	8.981
Tekjur af starfsemi samtals		37.861	34.523
Tekjur samtals		829.957	828.249
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	7, 8	229.708	252.148
Annar rekstrarkostnaður	9	193.797	186.515
Fjármagnstilfærslur	10	15.925	19.126
Rekstrartilfærslur	11	349.788	302.881
Afskriftir og niðurfærslur	12	20.020	18.871
Gjöld samtals		809.238	779.541
Afkoma fyrir fjármagnsliði		20.719	48.708
Fjármunatekjur	13	5.940	21.447
Fjármagnsgjöld	14	-62.671	-77.201
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals		-56.730	-55.754
Afkoma fyrir hlutdeildartekjur		-36.012	-7.046
Áhrif af rekstri hlutdeildar- og dótturfélaga	15	78.271	91.420
Afkoma ársins		42.260	84.375

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins

Efnahagsreikningur

Í millj. kr.	Skýring	31.12.2019	31.12.2018
Eignir			
Fastafjármunir			
Óefnislegar eignir			
Óefnislegar eignir	16	1.463	874
Óefnislegar eignir samtals		1.463	874
Varanlegir rekstrarfjármunir			
Áhöld, tæki og búnaður	17	19.968	18.181
Farartæki og vélar		17.154	15.977
Fasteignir		249.358	233.130
Samgöngumannvirki		619.424	588.604
Varanlegir rekstrarfjármunir samtals		905.904	855.891
Áhættufjármunir og langtímakröfur			
Langtímakröfur	18	60.044	57.655
Eignarhlutir í félögum	19	971.006	898.969
Erlent stofnfé	20	11.313	10.673
Áhættufjármunir og langtímakröfur samtals		1.042.363	967.297
Fastafjármunir samtals		1.949.730	1.824.063
Veltufjármunir			
Óinnheimtar tekjur	21	109.846	144.884
Næsta árs afborganir af langtímakröfum	18	2.074	3.932
Birgðir	22	3.255	2.965
Skammtímakröfur	23	20.215	31.639
Handbært fé	24	270.060	216.565
Veltufjármunir samtals		405.451	399.985
Eignir samtals		2.355.181	2.224.048

Efnahagsreikningur

Í millj. kr.	Skýring	31.12.2019	31.12.2018
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Hrein eign		388.210	603.347
Annað eigið fé		19.649	9.896
Eigið fé samtals		407.859	613.243
Skuldir			
Langtímaskuldir og skuldbindingar			
Langtímaskuldbindingar	25	729.661	646.881
Langtímaskuldir	26	941.622	772.874
Sérleyfissamningur	27	15.675	-
Langtímaskuldir og skuldbindingar samtals		1.686.957	1.419.755
Skammtímaskuldir			
Lánastofnanir og ríkisvixlar	28	50.490	25.165
Næsta árs afborganir langtímalána	26	108.839	57.227
Viðskiptaskuldir		22.870	19.574
Ýmsar skammtímaskuldir	29	78.165	89.083
Skammtímaskuldir samtals		260.365	191.049
Skuldir samtals		1.947.322	1.610.804
Eigið fé og skuldir samtals		2.355.181	2.224.048

Upplýsingar um atburði eftir reikningskiladag	30
Áhættuþættir og áhættustýring	31
Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir	32

Sjóðstreymi (óbein aðferð)

Í millj. kr	Skýring	2019	2018
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri			
Afkoma ársins		42.260	84.375
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi			
Afskriftir	12	20.020	18.871
Sölutap (-hagnaður)		-352	-488
Verðbætur og gengismunur		10.191	32.006
Verðbætur veittra lána og óbein niðurfærsla		2.049	-1.402
Vextir vegna lífeyrisskuldbindinga		13.479	12.927
Reiknaðar tekjur vegna Vaðlaheiðarganga		-490	-
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaganna		-78.271	-91.420
Lífeyrisskuldbinding		6.448	42.005
Samtals		15.333	96.873
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna			
Kröfur vegna ríkistekna og aðrar skammtímakröfur		46.461	-33.355
Birgðir		-290	-323
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda			
Skammtímaskuldir		-7.622	9.431
Samtals		38.549	-24.247
Handbært fé frá rekstri		53.883	72.626
Fjárfestingarhreyfingar			
Veitt lán til lengri tíma		-6.874	-5.891
Afborganir af veittum lánum		4.294	41.603
Arðgreiðslur hlutdeildarfélaganna		20.811	40.637
Kaupverð óefnislegra eigna	16	-763	-436
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	17	-41.924	-39.628
Kaupverð eignarhluta í félögum		-4.157	-875
Söluverð eignarhluta í félögum		-	32.596
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna		1.133	3.381
Fjárfestingarhreyfingar samtals		-27.479	71.387
Fjármögnunarhreyfingar			
Ný langtímalán		110.266	50.113
Afborganir langtímaskulda		-80.170	-137.332
Afborgun lífeyrisskuldbindinga		-28.330	-27.213
Skammtímalán, breyting		25.325	-308
Fjármögnunarhreyfingar samtals		27.092	-114.741
Breyting á handbæru fé		53.495	29.272
Handbært fé í byrjun árs		216.565	187.293
Handbært fé í árslok		270.060	216.565

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisýfirlits

Sjóðstreymi (bein aðferð)

Í millj. kr	2019	2018
Rekstrarhreyfingar		
Inngreiðslur		
Skatttekjur	664.928	649.895
Tryggingagjöld	97.494	96.564
Aðrar ríkistekjur	20.928	27.348
Fjármunatekjur	8.882	18.716
Aðrar tekjur	24.009	23.824
Inngreiðslur samtals	816.241	816.347
Útgreiðslur		
Rekstrargjöld án fjármagnskostnaðar	383.053	372.583
Rekstrartilfærslur	306.868	302.881
Fjármagnstílfærslur	15.948	19.126
Fjármagnskostnaður	56.489	49.131
Útgreiðslur samtals	762.359	743.721
Rekstrarhreyfingar samtals	53.883	72.626
Fjárfestingarhreyfingar		
Veitt lán til lengri tíma	-6.874	-5.891
Afborganir af veittum lánum	4.294	41.603
Arðgreiðslur hlutdeildarfélagum	20.811	40.637
Kaupverð óefnislegra eigna og varanlegra fastafjármuna	-42.687	-40.064
Kaupverð eignahluta í félögum	-4.157	-875
Söluverð eignarhluta í félögum	-	32.596
Söluverð varanlegra fastafjármuna	1.133	3.381
Fjárfestingarhreyfingar samtals	-27.479	71.387
Fjármögnunarhreyfingar		
Ný langtímalán	110.266	50.113
Afborganir langtímaskulda	-80.170	-137.332
Afborganir lífeyrisskuldbindinga	-28.330	-27.213
Skammtímaskuldir, breyting	25.325	-308
Fjármögnunarhreyfingar samtals	27.092	-114.741
Breyting á handbæru fé	53.495	29.272
Handbært fé í byrjun árs	216.565	187.293
Handbært fé í árslok	270.060	216.565

Yfirlit um breytingu eigin fjár

Í millj. kr.	Hrein eign	Annað eigið fé	Samtals eigið fé
Staða eigin fjár 01.01.2018	513.142	-16.891	496.251
Þýðingarmunur dótturfélaga	-	26.787	26.787
Matsbreytingar eigna	5.831	-	5.831
Afkoma ársins	84.375	-	84.375
Staða eigin fjár 31.12.2018 / 01.01.2019	603.347	9.896	613.243
Matsbreytingar vegna innleiðingar IPSAS	-257.397	-	-257.397
Þýðingarmunur dótturfélaga	-	9.752	9.752
Afkoma ársins	42.260	-	42.260
Staða eigin fjár 31.12.2019	388.210	19.649	407.859

Þýðingarmunur dótturfélaga myndast við umreikning á hlutdeild í eigin fé þeirra dótturfélaga sem gera sína ársreikninga í erlendri mynt yfir í íslenskar krónur, auk þess þýðingarmunar sem færast beint á eigið fé í ársreikningum dótturfélaga sem eiga félög sem gera upp í erlendum myntum. Í fyrra tilvikinu er annars vegar um að ræða Landsvirkjun, þar sem uppgjörsmýntin er bandaríkjadollar og hins vegar Farice, þar sem uppgjörsmýnt er evra og í síðara tilvikinu er meðal annars um að ræða Landsvirkjun og Rarik vegna eignarhalds þeirra í félögum sem gera upp í öðrum myntum.

Yfirlit um rekstur málefнасviða árið 2019

Í millj. kr.	Rekstrar- gjöld	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Rekstrar- tekjur	Rekstur samtals	Heildar- fjárheimild	Frávik	Heimildir fjárlaga án fjár- festinga- framlaga
Málefнасvið								
01 Alþingi og eftirlitsstofnanir þess	4.982	114	-	-150	4.946	5.312	366	4.850
02 Dómsstólar	3.243	-	-	-11	3.233	3.352	119	3.249
03 Æðsta stjórnýsla	2.394	70	-	-84	2.380	2.603	224	2.319
04 Utanríkismál	11.550	7.421	-	-2.156	16.815	17.701	885	16.555
05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla	29.562	1.133	-	-15.925	14.770	16.179	1.409	13.202
06 Hagskýrslugerð og grunnskrár	3.948	-	-	-1.086	2.862	3.131	269	2.723
07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar	2.062	4.352	8.885	-1.217	14.083	14.896	813	13.551
08 Sveitarfélög og byggðamál	43	22.757	-	-228	22.572	23.201	629	22.941
09 Almanna- og réttaröryggi	28.866	609	56	-3.569	25.961	25.684	-278	24.785
10 Réttindi einstaklinga, trúmál og stjórnýsla dómsmála	12.880	3.585	-	-744	15.721	15.644	-77	14.290
11 Samgöngu- og fjarskiptamál	23.040	4.450	1.281	-1.941	26.829	26.421	-408	16.365
12 Landbúnaður	2.058	14.388	-	-473	15.974	16.194	220	15.876
13 Sjávarútvegur og fiskeldi	5.832	555	-	-1.920	4.467	5.615	1.147	4.875
14 Ferðabjónusta	441	1.108	464	-74	1.939	2.699	761	2.236
15 Orkumál	713	3.397	-	-192	3.917	4.053	135	3.943
16 Markaðseftirlit, neytendamál og stjórnýsla atvinnumála og nýsköpunar	4.072	242	-	-346	3.967	5.041	1.073	4.316
17 Umhverfismál	12.758	5.462	510	-4.023	14.707	16.887	2.180	14.700
18 Menning, listir, íþróttá- og æskulýðsmál	9.035	5.760	460	-1.970	13.285	15.033	1.748	13.646
19 Fjölmíðlun	4.711	-	-	-6	4.705	4.714	9	4.711
20 Framhaldsskólastig	32.429	2.331	-	-1.584	33.176	35.116	1.940	33.334
21 Háskólastig	35.760	10.532	-	-10.147	36.146	38.807	2.661	35.269
22 Önnur skólastig og stjórnýsla mennta- og menningarmála	3.913	1.730	-	-943	4.699	4.750	51	4.648
23 Sjúkrahúsbjónusta	100.179	3.360	-	-15.084	88.455	85.227	-3.228	84.921
24 Heilbrigðisbjónusta utan sjúkrahúsa	35.550	24.214	-	-7.966	51.798	54.232	2.434	51.511
25 Hjúkrunar- og endurhæfingarbjónusta	46.639	50	1.728	-2.520	45.896	48.975	3.078	47.543
26 Lyf og lækningavörur	9.688	15.822	-	0	25.509	26.423	914	25.657
27 Örorka og málefni fatlaðs fólks	1.015	69.274	-	-20	70.269	71.083	815	68.678
28 Málefni aldraðra	45	84.435	-	-9	84.470	85.042	572	79.925
29 Fjölskyldumál	4.054	33.720	-	-197	37.578	38.812	1.234	36.962
30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi	4.694	26.965	-	-1.907	29.752	30.707	955	23.004
31 Húsnæðisstuðningur	244	9.842	3.232	-	13.319	13.391	72	13.412
32 Lýðheilsa og stjórnýsla velferðarmála	10.184	972	-	-2.099	9.058	9.256	198	8.546
33 Fjármagnskostnaður, ábyrgðir og líffeyriskuldbindingar	68.061	-	-	-	68.061	90.513	22.452	90.458
34 Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir	24.605	-	-	-	24.605	21.099	-3.506	27.861
Málefнасvið samtals	539.249	358.650	16.617	-78.592	835.925	877.792	41.867	830.861
Tekjur og gjöld utan málefнасviða	2.027	-	-	-880.212	-878.184			
Innbyrðisviðskipti	-35.081	-8.863	-691	44.635	-			
Samtals afkoma	506.196	349.788	15.925	-914.169	-42.260			

RÍKISREIKNINGUR



SKÝRINGAR

Skýring 1. Grunnur reikningsskila

Yfirlýsing um samræmi

Reikningsskil fyrir A-hluta ríkissjóðs í heild fyrir árið 2019 eru gerð samkvæmt lögum um opinber fjármál nr. 123/2015. Reikningurinn er gerður á grundvelli alþjóðlegra reikningsskilastaðla fyrir opinbera aðila (International Public Sector Accounting Standards, IPSAS) með þeim frávikum sem lýst er í skýringum með honum í samræmi við innleiðingaráætlun og samþykktir reikningsskilaráðs A-hluta ríkisins auk þess sem stuðst er við lög um ársreikninga nr. 3/2006 varðandi atriði sem ekki er fjallað um í IPSAS.

Ríkisreikningur þessi er samþykktur og áritaður af fjármála- og efnahagsráðherra og fjársýslustjóra.

Tímabil reikningsskila

Reikningsár ríkisaðila er almanaksárið. Allir ríkisaðilar sem eru hluti þessara reikningsskila hafa almanaksárið sem reikningsár. Búið er að útbúa ársreikninga eða ársreikningsyfirlit fyrir alla ríkisaðila sem tilheyra A-hluta ríkissjóðs en áritun ábyrgðaraðila þessara ríkisaðila á ársreikningi liggja ekki allar fyrir við útgáfu ríkisreiknings. Möguleg frávik sem geta stafað af þessu eru ekki talin hafa efnisleg áhrif á reikningsskil ríkissjóðs.

Grundvöllur ríkisreiknings

Ríkisreikningurinn er á rekstrargrunni og byggir á kostnaðarverðsreglu reikningsskila. Reikningsskilin eru sett fram í íslenskum krónum, námunduð að næstu milljón, nema annað sé sérstaklega tekið fram. Viðskipti milli ríkisaðila innan samstæðu A-hluta ríkissjóðs og stöður milli þeirra eru jafnaðar út við gerð ríkisreiknings, en innbyrðisfærslum vegna skatta, svo sem tryggingagjalds og virðisaukaskatts, hefur ekki verið eytt út. Óinnleystum hagnaði/-tapi sem myndast hefur í innbyrðis viðskiptum ríkisaðila hefur ekki verið eytt út.

Helstu reikningsskilaðferðir sem ríkisreikningur byggir á eru birtar í skyggðum boxum í skýringum.

Mat og ákvarðanir

Gerð ársreikningsins samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum gerir ráð fyrir að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á val og beitingu reikningsskilaáðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda og tekna og gjalda auk skýringa.

Mat og gefnar forsendur eru byggðar á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru raunhæfir miðað við aðstæður. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru skoðaðar reglulega. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili þegar þær eru gerðar og einnig á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

Innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla

Ársreikningur ríkissjóðs er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla fyrir opinbera aðila (IPSAS) eins og þeir hafa verið gefnir út af Alþjóða reikningsskilaráðinu og í gildi í árslok 2019 með frávikum sem tilgreind eru. Ársreikningurinn tekur mið af IPSAS 33 (First time adoption of accrual basis International Public Sector Accounting Standards) um innleiðingu á IPSAS, þar sem innleiðing alþjóðlegra staðla hefur átt sér stað á árunum 2017 - 2019, skv. heimild í staðlinum.

Reikningsskilaeiningar

Ríkissjóður og ríkisaðilar eru skilgreindir í lögum um opinber fjármál nr. 123/2015 og ná til:

- Ríkissjóðs Íslands – Þar fellur undir móttaka skatttekna og annarra ríkistekna og tengdar færslur, fjárveitingar til ríkisaðila, fjármögnun ríkissjóðs og þar með talið lántökur og lánveitingar ásamt eignarhaldi á félögum og öðrum eignum, sem ekki eru færðar sérstaklega hjá ríkisaðilum
- Einingar löggjafavalds, framkvæmdavalds og dómsvalds Íslenska ríkisins – hér eftir jafnframt skilgreint sem ríkisaðilar í A-hluta
- Lýsingin „samstæðureikningur ríkissjóðs Íslands“, „ríkissjóðs A-hluta í heild“ og „ríkisreikningur“ hafa sömu merkingu og hægt að nota jöfnum höndum
- A-hluti ríkissjóðs í heild er samstæða ríkissjóðs Íslands og ríkisaðila í A-hluta að frádregnum innbyrðisfærslum þeirra á milli
- Samstæða ríkisins í heild greinist í A-hluta ríkissjóðs (sem móðurfélag ríkisaðila í B- og C-hluta) og ríkisaðila í B- og C-hluta
- Fjallað er um ríkisaðila í B- og C-hluta sem dóttur- eða hlutdeildarfélög í eigu móðurfélags og koma með þeim hætti inn í samstæðuna
- Samstæðuársreikningur fyrir samstæðu ríkisins í heild er ekki gerður

Skýring 2. IPSAS innleiðing og stofnefnahagsreikningur

Breyttur grundvöllur reikningsskila

Ríkisreikningar árunna 1998-2016 voru gerðir á grundvelli laga um fjárreiður ríkisins nr. 88/1997 og byggðu á ársreikningalögum með nokkrum veigamiklum frávikum. Í lok árs 2015 voru samþykkt á Alþingi lög um opinber fjármál nr. 123/2015 (LOF) sem fela í sér töluverðar breytingar á reikningsskilum ríkissjóðs. Fimmti kafli laganna fjallar um reikningsskil og skýrslugerð og í 52. gr. segir að reikningsskil fyrir A-hluta ríkissjóðs í heild skuli gerð á grundvelli alþjóðlegra reikningsskilastaðla fyrir opinbera aðila sem miða við rekstrargrunn (IPSAS). Í bráðabirgðaákvæði I með lögnum eru ákvæði um frestun gildistöku reikningsskilareglna til 01.01.2017. Ríkisreikningur fyrir árið 2017 var fyrsti ríkisreikningur sem gerður er í samræmi við lög en ríkisreikningur nú fyrir árið 2019 er lokafasinn í þriggja ára innleiðingartíma sem er heimilaður samkvæmt IPSAS 33 um innleiðingu staðlanna í fyrsta sinn (first time adoption).

Meginbreytingar með lögum um opinber fjármál fela í sér að reikningsskil ríkissjóðs og ríkisaðila skulu miðast að fullu við rekstrargrunn. Má þar sérstaklega nefna meðferð varanlegra rekstrarfjármuna sem höfðu áður verið gjaldfærðir að fullu á kaupári en eru nú eignfærðir og afskrifaðir í samræmi við notkun og líftíma. Innleiðing breyttra reikningsskilareglna felur í sér ýmsar aðrar breytingar svo sem meðhöndlun á eignarhlutum í félögum, færslur skuldbindinga, færslu gengismunar og verðbreytinga langtímaskulda, gerð samstæðureiknings fyrir ríkið í heild og ýmislegt fleira.

Þessar viðamiklu breytingar á reikningsskilum ríkisins taka tíma og hefur reynt á heimildir í IPSAS um innleiðingartíma og reyna sömuleiðis á heimildir reikningsskilaráðs A-hluta ríkisins til frestunar á innleiðingum staðla, samanber ákvæði í 52. gr. LOF. Samkvæmt innleiðingaráætlun var miðað við að breytingar tækju þrjú ár og að ríkisreikningur ársins 2019 yrðu fyrstu reikningsskilin í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla. Þetta hefur að mestu gengið eftir en þó hefur reikningsskilaráð að ósk fjármála- og efnahagsráðuneytis og Fjársýslu ríkisins nýtt sér heimildir til að fresta innleiðingu á nokkrum stöðlum, sem mun taka lengri tíma að innleiða. Ríkisreikningur ársins 2019 er settur fram í samræmi við IPSAS staðlana að frátöldum þeim stöðlum sem reikningsskilaráð hefur ákveðið að fresta og fjallað verður um hér á eftir.

Innleiðingaráætlun

Innleiðingin byggir á reikningsskilastaðli IPSAS 33 – Innleiðing á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum fyrir opinbera aðila. Staðallinn inniheldur ýmsar frestunarheimildir og undanþágur. Fjármála- og efnahagsráðuneytið í samvinnu við Fjársýslu ríkisins lagði fyrir reikningsskilaráð áætlun um innleiðingu sem gerði ráð fyrir innleiðingu á þremur árum. Reikningsskilaráð A-hluta ríkisins samþykkti innleiðingaráætlunina sem í meginatriðum fólst í að nýta heimildir IPSAS um frestun einstakra staðla eða hluta af þeim.

Heimildir IPSAS 33

Í IPSAS 33 er fjallað um tvö konar undanþágur, annars vegar þær sem hafa áhrif á glögga mynd og fylgni við IPSAS og hins vegar þær sem hafa ekki slík áhrif.

Undanþágur sem hafa áhrif á glögga mynd og fylgni við IPSAS (IPSAS 33, gr. 33-62 í staðlinum)

Hafi reikningsskil ekki innihaldið viðkomandi liði eða beitt hefur verið öðrum reikningsskilareglum við meðhöndlun þeirra, er heimilt að fresta innleiðingu og breytingu á þeim í allt að þrjú ár frá upphafsári innleiðingar á IPSAS. Þessi heimildarákvæði varða eftirfarandi staðla eða tilgreind ákvæði þeirra:

- Birgðir (IPSAS 12) (á ekki við hjá ríkissjóði)
- Fjárfestingaeignir (IPSAS 16) (á ekki við hjá ríkissjóði)
- Varanlegir rekstrarfjármunir (IPSAS 17) (getur haft áhrif hjá ríkissjóði)
- Starfskjör og önnur langtímarstarfskjör (IPSAS 25, nú IPSAS 39) (mun hafa áhrif hjá ríkissjóði)
- Lífrænar eignir og búvöruframléiðsla (IPSAS 27) (á að mjög óverulegu leyti við hjá ríkissjóði)
- Óefnislegar eignir (IPSAS 31) (getur haft áhrif hjá ríkissjóði)
- Sérleyfisfyrirkomulag (IPSAS 32) (mun hafa áhrif hjá ríkissjóði)
- Fjármálagerningar (IPSAS 29) (mun hafa áhrif hjá ríkissjóði)

Heimilt er og í sumum tilvikum skylt að fresta til sama tíma ákvæðum í öðrum stöðlum sem tengjast atriðum sem frestun á innleiðingu framangreindra staðla á við um. Þar er um að ræða ákvæði um eignfærslu fjármagnskostnaðar, eignfærslu leigusamninga, skuldfærslu á kostnaði við niðurrif eigna eða að fjarlægja eignir og lagfæra umhverfi.

Heimilt er á næstu þremur árum eftir upphafsinnleiðingu IPSAS að víkja frá kröfum um að veita upplýsingar skv. IPSAS 20 um tengda aðila og sama á við um IPSAS 34-35 um eign í öðrum félögum sem ríkið fer með yfirráð yfir.

Skylt er að fylgja IPSAS 35 um samstæðureikningsskil en víkja má frá hluta af ákvæðum staðalsins á næstu þremur árum varðandi að jafna út innbyrðis færslum og innbyrðis stöðum innan samstæðu. Það á þó einungis við um þann hluta viðskipta sem erfitt er að aðgreina.

Undanþágur sem hafa ekki áhrif á glögga mynd og fylgni við IPSAS (IPSAS 33, gr. 63-134 í staðlinum)

- Kaupverð skv. IPSAS 12, 16, 17, 29, 31 og 32 má meta á áætluðu kostnaðarverði ef það liggur ekki fyrir. Endurstofnverð (replacement cost) telst metið kostnaðarverð í þessu sambandi
- Ekki er skylt að birta samanburðartölur í stofnefnahagsreikningi eða fyrstu reikningsskilum á grundvelli IPSAS en mælt er með að það sé gert
- Ef samanburðartölur eru birtar á innleiðingartíma verða þær að vera samanburðarhæfar og uppfylla ákvæði IPSAS
- Valkvæðar undanþágur varða eftirfarandi staðla:
 - IPSAS 4 um áhrif gengisbreytinga í erlendum gjaldmiðlum
 - IPSAS 5 um eignfærslu fjármagnskostnaðar, um afturvirk tímamörk til viðmiðunar um eignfærslu fjármagnskostnaðar
 - IPSAS 13 um leigusamninga en umsamdar breytingar á innleiðingartíma geta leitt til endurskilgreiningar á leigusamningi
 - IPSAS 18 um heimild til að birta ekki starfsþáttayfirlit fyrstu þrjú árin
 - IPSAS 21 um virðisrýrnun ópeningalegra eigna, undanþága tengd nýtingu undanþágu skv. 36. gr. IPSAS 33
 - IPSAS 26 um virðisrýrnun peningalegra eigna sem haldið er í viðskiptalegum tilgangi, heimildir tengdar nýtingu undanþágu skv. 36. gr. IPSAS 33
 - IPSAS 28 um framsetningu fjármálagerninga, undanþága tengd skiptingu eignar annars vegar í skuldahluta og hins vegar í nettóeign/eiginfjárlhuta
 - IPSAS 29 um skráningu og mat á fjármálagerningum, undanþága tengd flokkun eigna og skulda, t.d. eignir til sölu, færsla matsbreytinga yfir rekstrarreikning og færslur tengdar afleiðum og áhættuvörnum
 - IPSAS 30 um skýringar vegna fjármálagerninga, undanþága tengd upplýsingum um eðli og áhættu samanburðarfjárhæða
 - IPSAS 31 um eignfærslu áður gjaldfærðra óefnislegra eigna
 - IPSAS 32 um mat á skuldfærslum vegna eignatengdra réttinda (sérleyfiseignir) séu þær metnar á áætluðu kostnaðarverði. Skuldin þarf að endurspegla eftirstöðvatíma samnings
 - IPSAS 34, 35 og 36 tengist því hvernig meta skuli dóttureiningu sem innleiðir IPSAS á eftir móðureiningunni
 - IPSAS 35 tengist því hvort dóttureining skilgreini sig sem fjárfestingarfélag og meti þá eigin fjárfestingar á markaðsverði
 - IPSAS 37 varðar samrekstur og mat á eignum í samrekstri
 - IPSAS 39 (áður IPSAS 25) um starfskjör, heimildir tengdar nýtingu undanþágu skv. 36. gr. IPSAS 33

Sé við innleiðingu á IPSAS beitt heimiluðum undanþágum sem hafa áhrif á glögga mynd og fylgni við IPSAS skal upplýsa að fylgt sé IPSAS og láta þess getið að innleiðingu sé ekki lokið og þar með sé ekki um að ræða fullt samræmi við IPSAS. Gera þarf grein fyrir hvaða undanþágur eru nýttar sem hafa áhrif á glögga mynd og upplýsa um notkun annarra frávika frá stöðlunum.

Nýting frestunarheimilda og innleiðingaráætlun

Reikningsskilaráð A-hluta ríkisins samþykkti í samræmi við 2. mgr. 63. gr. LOF innleiðingaráætlun Fjársýslu ríkisins og fjármála- og efnahagsráðuneytis varðandi innleiðingu á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum. Innleiðingaráætlunin gerði ráð fyrir fullri innleiðingu staðlanna á þremur árum 2017-2019 og að ríkisreikningur 2019 myndi þannig uppfylla skilyrði staðlanna að fullu. Reikningsskilaráðið hefur síðan frekari heimildir til frestunar á innleiðingu staðla eins og kemur fram í 52. gr. LOF en þar segir „Reikningsskilaráð getur frestað tímabundið að taka upp hluta af stöðlunum, enda liggja til þess málefnalegar ástæður. Í ríkisreikningi skal gera grein fyrir hvaða atriðum staðalsins er ekki fylgt, ástæðum þess og áhrifum af afkomu og efnahag“. Vegna umfangs breytinganna og ýmissa flækjupátta hefur reikningsskilaráð ákveðið að heimila frestun á innleiðingu eftirfarandi staðla að ósk fjármála- og efnahagsráðuneytis og Fjársýslu ríkisins og verður gerð grein fyrir ástæðum og áætluðum áhrifum hér á eftir.

- IPSAS 13 um leigusamninga – Gert er ráð fyrir að þessi staðall verði leystur af hólmi með nýjum staðli. Þar verða að öllum líkindum gerðar verulegar breytingar á meðhöndlun þessara þátta, sambærilegar við það sem hefur átt sér stað á einkamarkaði. Frestun á innleiðingu þessa staðals hefur óveruleg áhrif á reikningsskil núna, en búast má við að nýr staðall þýði töluverðar breytingar á meðferð leigusamninga líkt og átt hefur sér stað við innleiðingu samsvarandi IFRS staðals
- IPSAS 29 um fjármálagerninga – Í reikningsskilum nú eru langtímaskuldir færðar á niðurfærðu kostnaðarverði eins og lýst er í reikningsskilaáæfðum. Þetta er gert vegna þess að ekki er talið að þær séu í virkri stýringu eins og er forsenda þess að færa megi þær á markaðsverðmæti. Metið var hins vegar að meiri tíma þyrfti til að fara yfir mismunandi flokka fjárskulda og fjáreigna og því var óskað eftir frestun á innleiðingu þessa staðals á meðan unnið væri að því að skoða betur þær skilgreiningar og forsendur sem liggja að baki þeirri meðferð skulda sem IPSAS 29 fjallar um. Fjallað er um markaðsverðmæti skulda í skýringum og má þar sjá mismun þess að færa eins og fært er nú og ef skuldir væru færðar á markaðsverði
- IPSAS 35 um samstæðureikningsskil – Verulega umfangsmikil vinna liggur fyrir við innleiðingu þessa staðals. Fara þarf yfir reikningsskil þeirra B- og C-hluta aðila sem falla undir staðalinn og samræma við IPSAS. Því er nauðsynlegt að

fresta innleiðingu staðalsins. Áhrif af þessari frestun eiga ekki að vera nein á afkomu, en veruleg á eignir og skuldir. Umfang heildarsamstæðu A-, B- og C-hluta má sjá á bls. 11 en þó er þar ekki búið að eyða út innbyrðisviðskiptum milli félaga og milli hluta

- IPSAS 36 um fjárfestingar í hlutdeildarfélagum og sameiginlegum verkefnum að hluta – Búið er að innleiða staðalinn að því leyti sem snýr að fjárfestingum í hlutdeildarfélagum en ákveðið hefur verið að fresta innleiðingu staðalsins varðandi það sem snýr að sameiginlegum verkefnum. Ekki liggur fyrir hver áhrifin eru á reikningsskil ríkisins, en ekki gert ráð fyrir að þau séu veruleg og fyrst og fremst á efnahag
- IPSAS 37 um samrekstur (joint arrangement) – Meiri tími er nauðsynlegur til að ná utan um þá þætti sem falla undir þennan staðal og hefur reikningsskilaráð því ákveðið að fresta innleiðingu hans. Ekki liggur fyrir hver áhrifin eru á reikningsskil ríkisins, en ekki gert ráð fyrir að þau séu veruleg og fyrst og fremst á efnahag
- IPSAS 38 um upplýsingagjöf um hagsmuni í öðrum rekstrareiningum – Meiri tími er nauðsynlegur til að ná utan um þá þætti sem falla undir þennan staðal og hefur reikningsskilaráð því ákveðið að fresta innleiðingu hans. Áhrif frestunar eru engin á efnahag og rekstur heldur hefur áhrif á upplýsingagjöf í ríkisreikningi

Í ríkisreikningi er gerð grein fyrir þeim reikningsskilaaðferðum sem unnið er eftir. Miðað er við að þær séu í samræmi við IPSAS staðlana að öðru leyti en því sem samþykkt frestun gefur tilefni til. Þannig eru tekjur, gjöld, eignir og skuldir meðhöndluð í samræmi við þá staðla. Í einhverjum tilfellum er ekki að fullu leyti búið að ná utan um þá þætti sem staðlarnir fjalla um en þeir þættir eru þá ennþá utan reikningshalds og eru ekki meðhöndlaðir með öðrum hætti en þeim sem viðeigandi staðlar fjalla um. Undir þetta falla til dæmis IPSAS 19 um reiknaðar skuldbindingar, óvissar skuldir og óvissar eignir og IPSAS 32 um sérleyfiseignir. Vinna er í gangi við rýningu á þessum þáttum og í umfangsmiklum rekstri eins og ríkisrekstrinum má gera ráð fyrir að sú vinna taki nokkurn tíma. Ef sú vinna leiðir í ljós að fleira eigi að koma inn í reikningsskilin heldur en er nú með ríkisreikningi ársins 2019 mun það vera fært inn í samræmi við staðla þegar það liggur fyrir.

Breytingar milli IPSAS og reikningsskilaaðferða sem giltu til 01.01.2017

Ríkisreikningurinn er í samræmi við þann grundvöll sem lýst er í skýringu 1. Þann 01.01.2017 tóku í gildi nýjar reikningsskilaaðferðir sem byggja á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum fyrir opinbera aðila, IPSAS. Í ríkisreikningi ársins 2017 var gerð grein fyrir áhrifum breytinga á reikningsskilareglum fyrir íslenska ríkið samkvæmt lögum um opinber fjármál á stofnefnahagsreikning 01.01.2017 og ársuppgjör 2017. Samantekt á áhrifum af reikningsskilabreytingum á árunum 2017 til 2019 er að finna í meðfylgjandi töflu.

Ríkisreikningur ársins 2019 sýnir fjárhagsstöðu í árslok, rekstrarreikning og sjóðstreymi á árinu 2019 í samræmi við nýjar reglur, að svo miklu leyti sem búið er að innleiða viðeigandi reikningsskilastaðla.

Breytingar á reikningsskilum ársins 2019 frá árinu 2018 varða nokkra liði og má sjá fjárhagsleg áhrif breytinga á efnahagsreikning í sérstöku yfirliti hér á eftir en helstu breytingar eru eftirfarandi:

- Uppfært mat á jörðum í eigu ríkisins ásamt skuldbindingum sem þeim tengjast
- Breytt meðhöndlun á efnahagsreikning Íbúðalánasjóðs þar sem fjáreignir og fjárskuldir eru færðar á gangvirði
- Breytt mat á lífeyrisskuldbindingum út frá kröfum staðla
- Uppfærðar skuldbindingar samkvæmt mati
- Upplýsingagjöf og framsetning er betur aðlöguð reikningsskilastöðlunum

Breyting á eigin fé vegna þessara breytinga frá 31.12.2018 yfir til 01.01.2019 má sjá hér á eftir í töflu.

Í millj. kr.	Samtals eigið fé
Staða eigin fjár 31.12.2018	613.243
Varanlegir rekstrarfjármunir, leiðrétt mat jarða o.fl. fasteigna	12.137
Breyting skulda Íbúðalánasjóðs til gangvirðis	-178.351
Breyting vegna aðlögunar lífeyrisskuldbindinga að IPSAS	-83.407
Varúðarniðurfærsla vegna eigna og óvissra skulda	-7.775
Leiðrétt staða eiginfjár miðað við 01.01.2019	355.847

Áhrif af innleiðingu LOF á efnahagsreikning eru sýnd í eftirfarandi töflu eftir árum 2017-2019

Í millj. kr.	Áhrif 2017	Áhrif 2018	Áhrif 2019	Samtals áhrif
Eignir				
Fastafjármunir				
Varanlegir rekstrarfjármunir	816.396	6.643	12.137	835.176
Langtímakröfur	-1.367	-	-	-1.367
Eignarhlutir í félögum	372.284	-	-	372.284
Erlent stofnfé	-892	-	-	-892
Fastafjármunir samtals	1.186.421	6.643	12.137	1.205.201
Veltufjármunir				
Næsta árs afborganir af langtímakröfum	-127	-	-	-127
Skammtímakröfur	-166	-	-	-166
Birgðir	400	-	-	400
Handbært fé	17.597	-	-	17.597
Veltufjármunir samtals	17.704	-	-	17.704
Eignir samtals	1.204.125	6.643	12.137	1.222.905
Eigið fé og skuldir				
Eigið fé				
Eigið fé	1.168.396	6.643	-257.397	917.642
Eigið fé samtals	1.168.396	6.643	-257.397	917.642
Langtímaskuldir og skuldbindingar				
Lífeyrisskuldbindingar	-86	-	83.407	83.321
Aðrar skuldbindingar	-	-	7.775	7.775
Langtímaskuldir	515	-	178.351	178.866
Langtímaskuldir og skuldbindingar samtals	429	-	269.533	269.962
Skammtímaskuldir				
Lánastofnanir og ríkisvixlar	17.597	-	-	17.597
Viðskiptaskuldir	-3.091	-	-	-3.091
Ýmsar skammtímaskuldir	20.794	-	-	20.794
Skammtímaskuldir samtals	35.300	-	-	35.300
Skuldir samtals	35.729	-	269.533	305.262
Eigið fé og skuldir samtals	1.204.125	6.643	12.137	1.222.905

Skýring 3. Yfirlit um afmarkaða hluta ríkissjóðs

Í millj. kr.	Ríkis- sjóður	Ríkisaðilar A-hluti	Innbyrðis- færslur	A-hluti ríkissjóðs í heild
Tekjur				
Skatttekjur	671.098	-	-	671.098
Tryggingagjöld	98.913	-	-	98.913
Aðrar ríkistekjur	16.165	5.964	-45	22.085
Ríkistekjur samtals	786.177	5.964	-45	792.096
Tekjufærðar fjárveitingar	47.625	799.071	-846.696	-
Tekjufærsla frestaðra tekna	-	15.223	-15.223	-
Sala á vöru og þjónustu	-	37.059	-15.888	21.171
Aðrar tekjur	7.916	34.587	-25.813	16.690
Tekjur af starfsemi samtals	55.541	885.940	-903.620	37.861
Tekjur samtals	841.718	891.904	903.978	829.957
Gjöld				
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	-	229.771	-62	229.708
Annar rekstrarkostnaður	68	225.859	-32.129	193.797
Tilfærslur	-	375.267	-9.554	365.713
Gjaldfærðar fjárveitingar	846.696	-	-846.696	-
Gjaldfærsla fyrirframgreidds kostnaðar	15.223	-	-15.223	-
Afskriftir og niðurfærslur	2.383	17.637	-	20.020
Gjöld samtals	864.370	848.533	-903.665	809.238
Afkoma fyrir fjármagnsliði og áhrif hlutdeildarfélag	-22.585	43.371	-	20.719
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld				
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður	8.559	659	-3.278	5.940
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap	-47.833	-18.116	3.278	-62.671
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals	-39.274	-17.457	-	-56.730
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélag og samrekstrar	77.949	322	-	78.271
Afkoma ársins	16.023	26.236	-	42.260

Skýring 4. Ríkistekjur

Í millj. kr.	2019	2018
Skatttekjur		
Skattar á tekjur og hagnað, einstaklingar	199.295	189.297
Skattar á tekjur og hagnað, lögaðilar	67.802	75.702
Skattur á fjármagnstekjur	33.433	34.114
Skattar á launagreiðslur og vinnuafli	9.124	8.542
Eignarskattar	11.353	10.519
Tekjur af virðisaukaskatti	242.216	237.368
Tekjur af vörugjöldum	66.935	69.790
Sértækir þjónustuskattar	6.986	6.497
Neyslu- og leyfisskattar	11.717	11.698
Skattar á alþjóðaverslun og viðskipti	3.430	4.156
Aðrir skattar	18.808	17.165
Skatttekjur samtals	671.098	664.850
Tryggingagjöld samtals	98.913	98.757
Aðrar ríkistekjur		
Fjárramlög	1.675	2.147
Ýmsar eignatekjur	7.637	11.768
Neyslu- og leyfisgjöld	7.293	7.339
Sektir	4.512	5.739
Ýmsar tekjur	968	3.124
Aðrar ríkistekjur samtals	22.085	30.118
Ríkistekjur samtals	792.096	793.726

Undir ríkistekjur falla skatttekjur, tryggingagjöld og aðrar ríkistekjur.

Skatttekjur

Ríkissjóður veitir ýmsa þjónustu og ávinning án endurgjalds fyrir móttakanda sem ekki leiðir til tekna hjá honum. Skatttekjur eru skilgreindar sem lögskipaðar greiðslur til opinberra aðila án þess að á móti komi tiltekin þjónusta, þar sem ekkert beint samband er á milli greiðslu skatta og réttar til þjónustu eða tilfærslu frá ríkinu. Skattálagnir ríkissjóðs byggir á fullveldisrétti ríkisins og lögum frá Alþingi.

Skatttekjur eru færðar þegar skattskyldur atburður hefur átt sér stað og hægt er að ákvarða þær með áreiðanlegum hætti. Endanleg álagning ákveðinna tegunda skatttekna fer fram með framtali eftir lok uppgjörsárs. Óvissa er um hver sú niðurstaða verður þannig að áætla megi hana með áreiðanlegum hætti og færast breytingin því með tekjum næsta árs.

Tryggingagjöld

Tryggingagjöld eru af svipuðum toga og skatttekjur en gefa þó þriðja aðila beinan eða óbeinan aðgang að tryggingavernd að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Aðrar ríkistekjur

Aðrar ríkistekjur eru tekjur af leyfisveitingum og notkun ýmissa réttinda, greiðslur fyrir tiltekna þjónustu sem ríkið eitt veitir og fleira slíkt. Aðrar tekjur færast í flestum tilvikum við greiðslu en þegar um álagningu er að ræða þá við álagningu.

Skýring 5. Sala á vöru og þjónustu

Í millj. kr.	2019	2018
Sala á vöru	5.792	5.877
Sala á þjónustu	15.378	19.665
Sala á vöru og þjónustu samtals	21.171	25.542

Tekjur af sölu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds. Tekjur af seldum vörum eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda. Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Skýring 6. Aðrar tekjur

Í millj. kr.	2019	2018
Leigutekjur	2.324	1.771
Gjafir og móttækin framlög til fjárfestingar	7.724	3.883
Tekjur vegna stöðugleikaeigna	2.027	1.754
Sala losunarkvóta	3.576	-
Söluhagnaður	352	488
Annað	686	1.084
Aðrar tekjur samtals	16.690	8.981

Leigutekjur eru færðar línulega yfir leigutímann í yfirlit um afkomu.

Gjafir og móttækin framlög til fjárfestingar samanstanda af framlögum frá öðrum aðilum en ríkissjóði sem nýtast eiga til fjárfestinga. Þessi framlög geta verið í formi fjármuna eða annarra eigna og fellur hér meðal annars undir framlag Happraættis Háskóla Íslands til fjárfestinga hjá Háskóla Íslands.

Ef eignar er aflað fyrir lítið eða ekkert endurgjald (gjafir), er mismunur á gangvirði eignarinnar og stofnverði fært til tekna í yfirliti um afkomu. Ef yfirráð yfir eigninni er háð frammistöðu eða framkvæmd er færslu tekna frestað þar til skilyrði eru uppfyllt.

Skýring 7. Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Í millj. kr.	2019	2018
Laun	180.511	169.747
Launatengd gjöld	26.551	24.883
Tryggingagjald	14.088	13.270
Breyting á áföllnu orlofi	857	1.220
Önnur launagjöld, ótalin annars staðar	411	254
Laun og launatengd gjöld samtals	222.417	209.373
Breyting á lífeyrisskuldbindingu (sjá skýringu 8)	6.420	41.978
Starfsmannakostnaður	871	797
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður samtals	229.708	252.148

Hér undir falla laun og launatengd gjöld A-hluta ríkisins. Þá fellur þar undir gjaldfærsla vegna áunninna lífeyrisréttinda (sjá nánar í skýringu 8) á árinu ásamt öðrum starfsmannakostnaði. Gjaldfærslur eru vegna starfsmannakostnaðar sem tilheyrir árinu 2019. Um lífeyrisskuldbindingar er sérstaklega fjallað í skýringum 8 og 25.

Meðalfjöldi stöðugilda hjá A-hluta ríkissjóðs var 17.990 árið 2019 en var 17.579 árið 2018.

Undir æðstu stjórnendum ríkisins eru skilgreindir ráðherrar ríkisstjórnarinnar. Heildarlaunakostnaður vegna æðstu stjórnenda á árinu 2019 nam samtals um 336 milljónum króna.

Réttindi starfsmanna til launa, árlegt orlof, starfsleyfi, eftirlaunaréttur og önnur svipuð launaréttindi eru færð í yfirlit um afkomu þegar réttur starfsmanna til þeirra stofnast. Starfsmannaréttindi þessi sem koma til greiðslu innan 12 mánaða eru færð á nafnvirði. Skuldbinding vegna langtímastarfskjararéttinda er færð á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis þeirra.

Starfslokagreiðslur eru færðar í yfirlit um afkomu aðeins þegar þær eru fyrirbyggjandi skuldbinding, annað hvort með uppsögn á starfi áður en venjulegum starfslokaaldri er náð eða sem bætur vegna hvatningar til að segja fyrr upp störfum. Starfslokagreiðslur sem greiðast innan 12 mánaða eru færðar sem fjárhæð væntrar greiðslu, en aðrar greiðslur eru færðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis greiðslunnar.

Skýring 8. Lífeyrisskuldbindingar

Í millj. kr.	Vaxtagjöld	Breyting á skuldbindingu	Annar kostnaður	Gjöld samtals
Lífeyrisskuldbindingar 2019				
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins (LSR B-deild)	12.849	4.675	-	17.524
Alþingismenn	192	540	12	744
Ráðherrar	38	484	3	525
Embætti forseta, hæstaréttardómara, ríkissaksóknara o.fl.	134	387	-	521
Eftirlaunasjóður fyrrverandi starfsmanna Útvegsbanka Íslands	105	196	9	309
Eftirlaunasjóður fyrrverandi bankastjóra Útvegsbanka Íslands	4	-29	-	-25
Eftirlaunaskuldbindingar vegna Landsbanka Íslands, ríkisábyrgð	4	23	-	27
Lífeyrissjóðir sveitarfélaga vegna samrekstrarstofnana	155	145	-	300
Ýmsar úttektir vegna lífeyrisskuldbindinga	-	-	3	3
Lífeyrisskuldbindingar 2019 samtals	13.479	6.420	28	19.927
Lífeyrisskuldbindingar 2018				
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins (LSR B-deild)	12.277	41.823	2	54.103
Alþingismenn	198	-203	12	7
Ráðherrar	39	-255	3	-213
Embætti forseta, hæstaréttardómara, ríkissaksóknara o.fl.	130	174	-	304
Eftirlaunasjóður fyrrverandi starfsmanna Útvegsbanka Íslands	108	-24	9	93
Eftirlaunasjóður fyrrverandi bankastjóra Útvegsbanka Íslands	4	-28	-	-24
Eftirlaunaskuldbindingar vegna Landsbanka Íslands, ríkisábyrgð	4	-6	-	-2
Lífeyrissjóðir sveitarfélaga vegna samrekstrarstofnana	168	494	-	661
Ýmsar úttektir vegna lífeyrisskuldbindinga	-	2	2	4
Lífeyrisskuldbindingar 2018 samtals	12.927	41.978	27	54.932

Hreinar lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs eru skilgreindar sem heildarlífeyrisskuldbindingar umfram eignir lífeyrissjóðsins að frádregnum fyrirframgreiðslum ríkissjóðs upp í skuldbindingar. Í ríkisreikningi miðast færsla lífeyrisskuldbindinga ríkissjóðs við niðurstöður tryggingafræðilegs mats á skuldbindingum lífeyrissjóða í árslok, sjá frekar um forsendur í skýringu 25. Hækkuð lífeyrisréttindi sjóðfélaga vegna launahækkana hjá opinberum starfsmönnum gjaldfærast í rekstri ríkissjóðs og er gjaldfærðri skuldbindingu ársins skipt upp í reiknaða vexti af skuldbindingu ríkissjóðs annars vegar og launatengd gjöld hins vegar. Reiknaðir vextir nema 2% af meðalskuldbindingu ársins.

Skýring 9. Annar rekstrarkostnaður

Í millj. kr.	2019	2018
Vörukaup	35.287	32.759
Verkkaup	8.539	9.788
Aðkeypt sérfræðipjónusta	20.341	19.532
Samningsbundin þjónustukaup	71.810	64.847
Önnur þjónustukaup	4.331	5.510
Opinber gjöld	3.251	2.905
Ferðakostnaður	4.255	3.989
Leiga, leigusamningar	6.940	6.542
Tölvu- og fjarskiptakostnaður	4.336	3.723
Niðurfærslur krafna	26.353	29.573
Annað	8.354	7.347
Annar rekstrarkostnaður samtals	193.797	186.515

Undir annan rekstrarkostnað fellur sá kostnaður sem felst í því að reka ríkissjóð og stofnanir ríkissjóðs annar en sá kostnaður sem fellur undir aðra liði í yfirliti um afkomu. Þessi kostnaður er færður á því tímabili sem vara eða þjónusta er notuð.

Undir þennan flokk falla meðal annars matsbreytingar skattkrafna og annarra krafna.

Skýring 10. Fjármagnstilfærslur

Í millj. kr.	2019	2018
Fjármagnstilfærslur	16.617	20.253
Innbyrðis framlög innan A-hluta ríkissjóðs	-691	-1.127
Fjármagnstilfærslur samtals	15.925	19.126
Sundurliðun		
Leigubúðir	3.232	3.560
Styrkir til nýsköpunarfyrirtækja	3.577	3.212
Tækniþróunarsjóður	2.120	2.677
Rammaáætlanir ESB um menntun, rannsóknir og tækniþróun	2.973	2.280
Ofanflóðasjóður	510	1.439
Framkvæmdasjóður aldraðra	1.702	817
Fjarskiptasjóður	522	724
Hafnarbótasjóður	759	800
Annað	1.222	4.743
Fjármagnstilfærslur samtals	16.617	20.253
Innbyrðis tilfærslur og framlög innan A-hluta ríkissjóðs	-691	-1.127
Fjármagnstilfærslur samtals	15.925	19.126

Fjármagnstilfærslur fela í sér tilfærslu á fjármunum til aðila eða þar sem látin eru af hendi ákveðin verðmæti í hendur aðila sem eru skuldbundnir til að ráðstafa fjármagnstilfærslunni til fjárfestingar.

Styrkir og framlög sem eru valkvæð eru færð til gjalda þegar greiðsla fer fram. Aðrir styrkir og framlög eru færð þegar tilgreind skilyrði hafa verið uppfyllt og tilkynning þar um hefur borist ríkissjóði eða stofnunum hans.

Skýring 11. Rekstrartilfærslur

Í millj. kr.	2019	2018
Rekstrartilfærslur	358.650	311.797
Innbyrðis tilfærslur og framlög innan A-hluta ríkissjóðs	-8.863	-8.916
Rekstrartilfærslur samtals	349.788	302.881
Sundurliðun		
Lífeyristryggingar	126.758	113.561
Sjúkratryggingar	42.925	38.139
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	20.141	19.348
Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð	24.616	19.792
Greiðslur vegna búvöruframléiðslu	12.609	12.270
Atvinnuleysistryggingasjóður	23.238	13.186
Fæðingarorlof	14.545	12.296
Barnabætur	12.338	10.606
Lánasjóður Ísleskra námsmanna	8.426	6.494
Húsnæðis- og leigubætur	6.366	6.129
Vaxtabætur	2.818	3.042
Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða	4.968	4.540
Vegagerð og samgöngur	4.320	4.185
Alþjóðleg þróunarsamvinna	4.643	4.895
Niðurgreiðslur á húshitun	3.306	3.322
Sóknargjöld	2.522	2.536
Úrvinnsla - skilagjald v/ endurvinnslu	2.879	2.655
Samningar og styrkir á sviði lista og menningar	2.267	1.457
Aðrar rekstrartilfærslur	38.964	33.343
Rekstrartilfærslur samtals	358.650	311.797
Innbyrðis tilfærslur og framlög innan A-hluta ríkissjóðs	-8.863	-8.916
Rekstrartilfærslur samtals	349.788	302.881

Undir rekstrartilfærslur falla greiðslur frá hinu opinbera án þess að á móti komi vinnuframlag eða önnur aðföng eða gæði. Undir rekstrartilfærslur falla öll helstu bóta- og styrkjakerfi ríkisins s.s. sjúkratryggingar, atvinnuleysistryggingar og lífeyristryggingar. Einnig falla þar undir aðrir liðir eins og framlög til Lánasjóðs Ísleskra námsmanna, Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og rekstrarstyrkir á borð við greiðslur vegna búvörusamninga.

Velferðarbætur og félagsleg þjónusta eru færðar á því tímabili þegar umsókn um bætur hefur borist og hæfisskilyrði hafa verið uppfyllt. Styrkir og framlög sem eru valkvæð eru færð til gjalda þegar greiðsla fer fram. Aðrir styrkir og framlög eru færð þegar tilgreind skilyrði hafa verið uppfyllt og tilkynning þar um hefur borist ríkissjóði eða stofnunum hans.

Skýring 12. Afskriftir og niðurfærslur

Í millj. kr.	2019	2018
Áhöld, tæki og búnaður	3.693	3.747
Farartæki og vélar	1.272	1.108
Fasteignir	3.987	4.119
Samgöngueignir	10.262	9.613
Aðrar eignir	124	123
Sölutap og úrehtar eignir	449	37
Niðurfærsla óefnislegra eigna	232	124
Afskriftir og niðurfærslur samtals	20.020	18.871

Sjá skýringu 16 og 17 varðandi umfjöllun um reikningskilaaðferðir.

Skýring 13. Fjármunatekjur

Í millj. kr.	2019	2018
Vextir og verðbætur af langtímakröfum	374	6.013
Vextir af skammtímakröfum	1.805	4.207
Dráttarvextir og álag af ríkissjóðstekjum	3.272	5.092
Aðrar vaxtatekjur	276	5.913
Vaxtatekjur samtals	5.726	21.224
Arðgreiðslur	214	223
Fjármunatekjur samtals	5.940	21.447

Leiðréttar verðbætur langtímakrafna vegna fyrri ára að fjárhæð 3,1 ma.kr. eru færðar til lækkunar liðnum „Vextir og verðbætur af langtímakröfum“ auk þess sem gengistap gjaldeyrisreikninga sem eru hluti vaxtajöfnuðar, að fjárhæð 1,7 ma.kr. er færður á þennan lið.

Ríkissjóður færir hlutdeild í rekstri dóttur- og hlutdeildarfélagum með hlutdeildaraðferð. Því eru greiðslur vegna arðs frá hlutdeildar- og dótturfélögum færðar til lækkunar á eign í viðkomandi félagi. Arður frá öðrum félögum en hlutdeildarfélögum er tekjufærður í yfirliti um afkomu við móttöku.

Vaxtatekjur eru reiknaðar miðað við nafnvaxtakjör lána en útlán Ofanflóðasjóðs eru færð miðað við virka vexti. Virkir vextir eru sú ávöxtunarkrafa sem núvirðir áætlað sjóðstreymi fjáreignar yfir ætlaðan eignarhaldstíma hennar þannig að jafngildi bókfærðri fjárhæð fjáreignarinnar í efnahagsreikningi hverju sinni. Með aðferðinni er virkum vöxtum beitt á bókfært verð til að ákvarða vaxtatekjurnar hverju sinni.

Skýring 14. Fjármagnsgjöld

Í millj. kr.	2019	2018
Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur langtímalána	45.892	61.259
Vextir vegna lífeyrissskuldbindinga	13.479	12.927
Annar fjármagnskostnaður	3.151	2.860
Gengistap, verðbreytingar	149	154
Fjármagnsgjöld samtals	62.671	77.201

Vaxtagjöld eru gjaldfærð miðað við nafnvaxtakjör auk þess sem afföllum er dreift hlutfallslega á endurgreiðslutímann.

Skýring 15. Áhrif af rekstri hlutdeildar- og dótturfélaga

Í millj. kr.	Eign %	Hlutdeild í eigin fé 31.12.2019	Afkoma ársins	Aðrar breytingar	Kaup /sala ársins	Arð-greiðslur	Pýðingar-munur og sérstök matsbreyting	Hlutdeild í eigin fé 01.01.2019
Eignarhlutir í félögum								
Ríkisfyrirtæki í B-hluta								
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	100,0	4.618	1.056	-	-	-1.000	-	4.561
Bjargráðasjóður	100,0	198	7	-	-	-	-	191
Byggðastofnun	100,0	3.216	95	-	-	-	-	3.121
Happdrætti Háskóla Íslands	100,0	2.955	1.038	-	-	-	-	1.917
Íbúðalánasjóður ³⁾	100,0	-	-3.866	-	-18.217	-	-	22.083
ÍL-sjóður ³⁾	100,0	-179.203	-	-	-851	-	-178.351	-
Húsnæðissjóður ³⁾	100,0	16.706	-	-	16.706	-	-	-
Íslenskar orkurannsóknir	100,0	325	-3	-	-	-	-	327
Lánasjóður Íslenskra námsmanna	100,0	114.584	10.592	-	-	-	-	103.992
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins	100,0	4.173	41	-	-	-	-	4.131
Orkusjóður	100,0	109	9	-	-	-	-	100
Ríkisfyrirtæki í B-hluta samtals		-32.319	8.971	-	-2.363	-1.000	-178.351	140.424
Ríkisfyrirtæki í C-hluta, dótturfélög eignarhlutur 50-100%								
Farice ehf. ²⁾	100,0	2.072	-1.066	-	2.981	-	157	-
Harpa tónlistar- og ráðstefnuhús ohf.	54,0	-456	-181	-	-	-	-	-275
Isavia ohf.	100,0	36.466	1.199	-	-	-	-	35.267
Íslandsbanki hf.	100,0	142.107	7.047	1.164	-	-5.300	-	139.196
Íslandspóstur ohf.	100,0	3.203	-511	-15	1.500	-	-	2.228
Landsbankinn hf.	99,8	197.711	14.553	1.818	-	-9.898	16	191.221
Landsvirkjun	99,9	253.324	12.604	28	-	-4.243	9.079	235.857
Leigufélagið Brít ehf. ³⁾	100,0	2.363	-	-	2.363	-	-	-
Matís ohf.	100,0	263	14	1	-	-	-	248
Neyðarlínan hf.	81,5	157	21	-	12	-	-	123
Orkubú Vestfjarða ohf.	100,0	6.213	200	-	-	-60	-	6.072
Rarik ohf.	100,0	43.926	2.726	-	-	-310	378	41.132
Ríkisútvarpið ohf.	100,0	2.132	7	-67	-	-	-	2.192
Seðlabanki Íslands	100,0	81.982	22.444	1.204	-	-	-	58.335
Sítus ehf. ¹⁾	54,0	2	-6	-	-	-	-	9
Náttúruhamfaratrygging Íslands	100,0	44.060	5.645	-	-	-	-	38.414
Vigdísarholt ehf.	100,0	286	138	-	-	-	-	148
Próunarfélag Keflavíkflugvallar ehf.	100,0	2.064	83	-	-	-	-	1.981
Öryggisfjarskipti ehf.	75,0	649	47	-	-	-	-	602
Spölur hf. ^{1) 2)}	100,0	183	-	-	183	-	-	-
Vísindagarðar Háskóla Íslands	94,6	3.207	304	-	-	-	-	2.903
Önnur félög í C-hluta		324	4	-1	-	-	-	321
Eignir stofnana í félögum í C-hluta		174	18	-	-	-	74	82
Ríkisfyrirtæki í C-hluta samtals		822.410	65.289	7.039	4.676	-19.811	9.704	756.057

Í millj. kr.	Eign %	Hlutdeild í eigin fé 31.12.2019	Afkoma ársins	Aðrar breytingar	Kaup /sala ársins	Arð-greiðslur	Býðingar-munur og sérstök matsbreyting	Hlutdeild í eigin fé 01.01.2019
Eign ríkissjóðs og stofnana í hlutdeildarfélögum								
Eignarhaldsfélag Suðurnesja hf. ¹⁾	48,1	270	-	-	-	-	-	270
Spölur ehf. ^{1) 2)}	17,6	-	-	-	-80	-	-	80
Endurvinnslan hf. ¹⁾	17,8	-	-	-	-	-	-173	173
Farice ehf. ²⁾	27,5	-	-	-	-1.008	-	-	1.008
Þjóðarleikvangur ehf.	42,5	0	-	-	0	-	-	-
Minjavernd hf.	38,3	121	-148	-	-	-	-	270
Sparisjóður Austurlands hf.	49,5	456	27	-	-	-	-	429
Vaðlaheiðargöng hf.	34,0	-	-	-	-	-	-	-
Eignir stofnana í félögum í C-hluta		149	-	-	67	-	2	79
Eign ríkissjóðs og stofnana í hlutdeildarfélögum samtals		997	-121	-	-1.020	-	-171	2.309
Eign ríkissjóðs og stofnana í öðrum félögum								
Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ehf.	5,0	1	-	-	-	-	-	1
Endurvinnslan hf. ^{1) 2)}	17,8	173	-	-	-	-1	173	-
Aðrir eignarhlutar		86	-	-	-	-	-93	178
Eign ríkissjóðs og stofnana í öðrum félögum samtals		259	-	-	-	-1	80	179
Eignarhlutir í félögum samtals, bókfært verð		791.347	74.139	4.132	3.656	-20.812	-168.738	898.969
Neikvæðir eignarhlutir færðir meðal skulda		179.659						
Eignarhlutir í félögum samtals		971.006						

¹⁾ Ekki hafa borist ársreikningar fyrir þessi félög

²⁾ Endurflokkað vegna breytingar á eignarhlutdeild, fært sem matsbreyting

³⁾ Uppskipting Íbúðalánasjóðs

Skýring 16. Óefnislegar eignir

Í millj. kr.	31.12.2019	31.12.2018
Óefnislegar eignir	1.339	806
Óefnislegar eignir, verk í vinnslu	125	69
Óefnislegar eignir samtals	1.463	874

Í millj. kr.	Hugbúnaður og hugbúnaðarleyfi	Verk í vinnslu	Samtals
Óefnislegar eignir í árslok 2019			
Stofnverð 01.01.2019	981	69	1.050
Endurflokkað	58	-58	-
Viðbót á árinu	650	113	763
Stofnverð 31.12.2019	1.689	125	1.813
Afskriftir 01.01.2019	176	-	176
Afskrift ársins	174	-	174
Selt/úreitt á árinu	-	-	-
Afskriftir samtals	350	-	350
Óefnislegar eignir 31.12.2019	1.339	125	1.463
Óefnislegar eignir í árslok 2018			
Stofnverð 01.01.2018	460	155	614
Endurflokkað	86	-86	-
Viðbót á árinu	436	-	436
Stofnverð 31.12.2018	981	69	1.050
Afskriftir 01.01.2018	52	-	52
Afskrift ársins	124	-	124
Selt/úreitt á árinu	-	-	-
Afskriftir samtals	176	-	176
Óefnislegar eignir 31.12.2018	806	69	874

Kostnaðarverð ófnislegar eignar sem verður til innan ríkissjóðs felur einungis í sér útgjöld sem stofnað er til í þróunaráfanga eignarinnar. Þróunaráfangi tekur við þegar eftirfarandi liggur fyrir:

1. Tæknilega framkvæmanlegt
2. Geta til að ljúka við eignina
3. Ásetningur og geta til að selja eða nota eignina
4. Þróunarkostnað er hægt að aðgreina með áreiðanlegum hætti.

Rannsóknir eru „upphaflega ætluð rannsókn sem ráðist er í til að öðlast nýja vísindalega eða tæknilega þekkingu og skilning“. Útgjöld sem stofnað er til á rannsóknarstigi ófnislegar eignar eru færð til gjalda þegar stofnað er til þeirra. Verði rannsóknaráfangi ekki aðgreindur frá þróunaráfanga er kostnaður gjaldfærður þegar hann fellur til.

Sé ófnislegar eignar aflað án endurgjalds eða fyrir óverulegt endurgjald er hún líka upphaflega færð á kostnaðarverði, sem samkvæmt skilgreiningu er núll eða óverulegt.

Aðrar ófnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru síðar færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun og niðurfærslum. Niðurfærslur eru gjaldfærðar línulega yfir líftíma eignarinnar í yfirliti um afkomu. Almennt er áætlaður nýtingartími hugbúnaðar þrjú til fimm ár.

Innleystur hagnaður og tap vegna ráðstöfunar ófnislegra eigna er færður í yfirlit um afkomu á því tímabili þegar viðskiptin eiga sér stað.

Ófnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru skoðaðar að minnsta kosti árlega til að ákvarða hvort einhver vísbending sé um virðisrýrnun. Ef endurheimtanleg fjárhæð ófnislegar eignar er lægri en bókfært verð hennar, er bókfært verð hennar fært í endurheimtanlega fjárhæð og virðisrýrnunartap fært í yfirlit um afkomu.

Ófnislegar eignir felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum honum tengdum.

Skýring 17. Varanlegir rekstrarfjármunir

Í millj. kr.	31.12.2019	31.12.2018
Varanlegir rekstrarfjármunir		
Áhöld, tæki og búnaður	19.968	18.181
Farartæki og vélar	17.154	15.977
Samgöngumannvirki	619.424	588.604
Fasteignir	249.358	233.130
Varanlegir rekstrarfjármunir samtals	905.904	855.891

Í millj. kr.	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Samgöngumannvirki	Fasteignir	Samtals
Varanlegir rekstrarfjármunir í árslok 2019					
Stofnverð 01.01.2019	32.985	27.657	838.835	241.273	1.140.751
Eignir færðar inn við innleiðingu á IPSAS	-	-	16.164	12.044	28.209
Endurflokkað	-99	0	-	98	-
Viðbót á árinu	5.766	2.478	24.918	8.761	41.924
Selt/niðurfært á árinu	-272	-145	-	-689	-1.106
Stofnverð 31.12.2019	38.380	29.990	879.918	261.488	1.209.777
Afskriftir 01.01.2019	14.804	11.680	250.232	8.143	284.859
Afskrift ársins	3.818	1.272	10.262	3.987	19.339
Selt/úrelt á árinu	-209	-115	-	-	-325
Varanlegir rekstrarfjármunir 31.12.2019	19.968	17.154	619.424	249.358	905.904
Varanlegir rekstrarfjármunir í árslok 2018					
Stofnverð 01.01.2018	28.115	25.539	817.137	226.409	1.097.201
Eignir færðar inn við innleiðingu á IPSAS	-	-	-	6.643	6.643
Endurflokkað	-	-	-	-	-
Viðbót á árinu	5.670	2.540	21.699	9.719	39.628
Selt/niðurfært á árinu	-799	-423	-	-1.500	-2.721
Stofnverð 31.12.2018	32.985	27.657	838.835	241.273	1.140.751
Afskriftir 01.01.2018	11.390	10.842	240.619	4.024	266.875
Afskrift ársins	3.871	1.108	9.613	4.119	18.710
Selt/úrelt á árinu	-456	-270	-	-	-726
Varanlegir rekstrarfjármunir 31.12.2018	18.181	15.977	588.604	233.130	855.891

Bókfært verð varanlegra rekstrarfjármuna byggir á áætluðum notkunartíma eignarinnar varðandi afskriftir og forsendum sem notaðar eru við ákvörðun kostnaðarverðs hafi það ekki legið fyrir. Afskriftarhlutföll eru yfirfarin árlega af stjórnendum sem eru ábyrgir fyrir umsjón viðkomandi eigna. Varanlegir rekstrarfjármunir eru ekki veðsettir.

Mat við upphaflega færslu í bókhaldi

Fasteignir í leigu - innanlands	Fasteignir í útleigu, hvort heldur leigt er til ríkisstofnana eða annarra, eru eignfærðar 1. janúar 2017 á matsvirði sem ígildi kostnaðarverðs þar sem reiknað var út frá núvirði framtíðarfjárstreymis eignarinnar. Grunnforsendur voru umsamið leiguverð eignarinnar í lok árs 2017 og vaxtakjör sem ríkissjóður bjó þá við. Eignir í þessum flokki sem aflað er eftir 1. janúar 2017 eru færðar til eignar á kostnaðarverði. Fasteignir í þessum flokki eru afskrifaðar miðað við áætlaðan notkunartíma.
Fasteignir erlendis	Fasteignir erlendis eru færðar inn á matsverði í byrjun árs 2018 og eignir sem aflað er eftir þann tíma eru færðar á kostnaðarverði. Eignir erlendis afskrifaðar miðað við áætlaðan notkunartíma.
Aðrar fasteignir	Aðrar innlendar fasteignir eru færðar inn á fasteignamati í byrjun árs 2017 og eignir sem aflað er eftir þann tíma eru færðar á kostnaðarverði. Eignir þessar eru afskrifaðar miðað við áætlaðan notkunartíma.
Land, jarðir og lóðaréttindi	Jarðir, lóðir og lóðaréttindi voru í byrjun árs 2017 eignfærðar á gildandi fasteignamati. Eignir í þessum flokki sem aflað er eftir 1. janúar 2017 eru færðar á kostnaðarverði. Eignir í þessum flokki eru ekki afskrifaðar en endurmetnar með tilliti til virðisbreytinga á fimm ára fresti eða ef vísbending er um virðisrýrnun.
Vegakerfi, brýr, jarðgöng og eignir því tengt	Eignir í þessum flokki sem aflað var fyrir 1. janúar 2017 eru eignfærðar á áætluðu kostnaðarverði og eignir sem aflað er eftir þann tíma eru færðar á kostnaðarverði. Eignir í þessum flokki eru afskrifaðar miðað við áætlaðan notkunartíma.
Stærri tæki svo sem skip, flugvélar og þyrlur	Skip eru eignfærð á afskrifuðu kostnaðarverði. Í þeim tilvikum að sérgreind áhöld og tæki tilheyri skipi þá er afskrift þeirra miðuð við áætlaðan notkunartíma sem getur verið annar en notkunartími skipsins sjálfs. Flugvélar og þyrlur eru eignfærðar á afskrifuðu kostnaðarverði þar sem afskrift tekur mið af raunnotkun einstakra eignarhluta sem hlutfalli af áætlaðri heildarnotkun eignarhlutans.
Áhöld, tæki og búnaður	Eignfærð á afskrifuðu kostnaðarverði.

Afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Fasteignir í leigu	25 til 60 ár
Fasteignir aðrar	25 til 60 ár
Samgöngukerfi	10-90 ár
Stærri tæki svo sem skip, flugvélar og þyrlur	10-30 ár, notkun sem hlutfall notkunartíma
Áhöld, tæki og búnaður	2-20 ár

Virðismat

Ef endurheimtanleg fjárhæð eignar er lægri en bókfært verð hennar er bókfært verð eignarinnar lækkað í endurheimtanlega fjárhæð og virðistap fært. Meginástæða fyrir að halda í sumar eignir er að þær skapa sjóðflæði og aðrar eru nauðsynlegur þáttur í að veita þjónustu ríkisins. Fyrir þessar eignir er endurheimtanleg fjárhæð eftir atvikum það sem fengist við sölu eignarinnar (að frádregnum kostnaði við sölu) eða andvirði þess að nota eignina út nýtingartíma hennar, hvort sem hærra reynist.

Hluti eigna ríkissjóðs gefa ekki af sér tekjur (t.d. þjóðvegir) og eru þær eignir færðar á afskrifuðu kostnaðarverði. Virðisrýrnun er færð í yfirliti um afkomu, nema eignin sé bókfærð á endurmetnu virði en þá er virðisrýrnun meðhöndluð sem endurmatslækkun að því marki sem endurmatslækkun leyfir.

Sala eða önnur afsetning eigna

Innleystur hagnaður og tap vegna afsetningar (sala, förgun, afskráning eða annað) varanlegra rekstrarfjármuna er fært í yfirliti um afkomu á því tímabili þegar afsetning eignar á sér stað. Allar stöður á endurmatsreikningi tengdar afsettri eign eru fluttar á eigið fé.

Í millj. kr.	31.12.2019	31.12.2018
Fasteignir		
Jarðir	31.375	17.244
Húseignir til eigin nota eða útleigu	117.973	121.082
Húseignir, erlendar	6.510	6.577
Aðrar húseignir	72.121	73.221
Lendur og lóðir	1.010	1.009
Aðrar fasteignir	20.370	13.997
Fasteignir samtals	249.358	233.130
Samgöngukerfi		
Vegakerfið	598.893	584.801
Hafnir	4.690	3.803
Jarðgöng	15.841	-
Samgöngukerfi samtals	619.424	588.604

Lýsing	Aðferðafræði	Tímasetning
Vegakerfi	Fært á endurstofnverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum	Árlega framkvæmt endurmat
Hafnir og jarðgöng	Fært á endurstofnverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum	Árleg skoðun m.t.t. virðisrýrnunar

Mat á mismunandi hlutum (fyllingar, brýr o.fl.) samgöngukerfisins er háð ákveðinni óvissu, m.a. vegna magns, samsetningar, aldurs o.fl. Kostnaður við að koma landi í upprunalegt horf, t.d. vegna aflagðra vega eða brúa við tilfærslur á vegstæði, er ekki færður sem hluti kostnaðarverðs.

Í millj. kr.	31.12.2019	31.12.2018
Farartæki og vélar		
Flugvélar	2.565	2.696
Þyrlur	396	439
Skip	10.809	9.669
Bifreiðar	1.995	1.912
Önnur farartæki og vélar	1.389	1.261
Farartæki og vélar samtals	17.154	15.977

Lýsing	Aðferðafræði	Tímasetning
Farartæki og vélar	Skráð á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum	Árleg skoðun m.t.t. virðisrýrnunar

Í millj. kr.	31.12.2019	31.12.2018
Aðrir varanlegir rekstrarfjármunir		
Lækningatæki	9.756	9.209
Skrifstofutæki	8.228	7.427
Annað	1.983	1.545
Aðrir varanlegir rekstrarfjármunir samtals	19.968	18.181

Lýsing	Aðferðafræði	Tímasetning
Tæki og búnaður	Skráð á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum	Árleg skoðun m.t.t. virðisrýrnunar

Í millj. kr.	31.12.2019	31.12.2018
Samstarfsverkefni opinberra aðila og einkaaðila - sérleyfisrekstur opinberrar starfsemi		
Vaðlaheiðargöng hf.	15.518	-
Samstarfsverkefni opinberra aðila og einkaaðila - sérleyfisrekstur opinberrar starfsemi samtals	15.518	-

Samstarfsverkefni opinberra aðila og einkaaðila (PPP) byggir á samkomulagi. Eignin sem myndast í þessu samstarfi er skráð sem eign ríkissjóðs. Á byggingartíma er bókfært virði framkvæmdar skráð á kostnaðarverði sem og fjárhagsleg skuldbinding. Þegar eignin eru að fullu byggð taka framtíðargreiðslur til einkaaðila mið af bókfærðu virði og þeirri fjárhagslegu skuldbindingu sem liggur þar að baki. Upplýsingar um útstandandi skuldbindingu ríkissjóðs vegna þessara eigna kemur fram í liðnum Sérleyfissamningar, skýring 27.

Vaðlaheiðargöng hf.

Formlegur verkkaupi verksins er Vaðlaheiðargöng hf., hlutafélag í eigu Vegagerðarinnar, sveitarfélaga á Norðurlandi og fyrirtækja þar. Vegagerðin sá um undirbúning, hönnun og útböð þessa verks bæði aðalverktakaverkið sjálft og eftirlit með því. Vegagerðin fylgdist einnig með gerð ganganna. Göngin voru opnuð fyrir umferð í byrjun árs 2019 og hófst gjaldtaka í framhaldi af því. Áætlaður samningstími við rekstraraðila er 33 ár.

Lög um heimild til handa ráðherra f.h. ríkissjóðs til að fjármagna gerð jarðganga undir Vaðlaheiði eru nr.45/2012.

Í millj. kr.	31.12.2019	31.12.2018
Heildarbókfært verð		
Staða í ársbyrjun	-	-
Virði samstarfsverkefnis í ársbyrjun	15.068	-
Viðbótarvirði á árinu	773	-
Heildarbókfært í árslok	15.841	-
Uppsöfnuð afskrift og virðismat		
Staða í ársbyrjun	-	-
Afskrift	323	-
Uppsöfnuð afskrift	323	-
Bókfært verð í lok árs	15.518	-

Skýring 18. Langtímakröfur

Í millj. kr.	Staða 31.12.2019	Staða 31.12.2018
Langtímakröfur flokkaðar eftir lántakendum		
Ríkisaðilar í B- og C-hluta	47.055	44.371
Sveitarfélög	2.057	1.992
Fyrirtæki og atvinnuvegir	17.628	16.747
Einstaklingar, félag og samtök	104	111
Langtímakröfur samtals	66.844	63.221
Óbein afskrift langtímakrafna	-4.726	-1.634
Langtímakröfur og niðurfærslur samtals	62.118	61.587
Næsta árs afborganir af löngum lánum	-2.074	-3.932
Langtímakröfur samtals	60.044	57.655
Sundurliðað eftir gjalddögum		
Innleysanlegt innan eins árs	2.074	3.932
Innleysanlegt eftir meira en eitt ár	60.044	57.655
Langtímakröfur samtals	62.118	61.587

Í millj. kr.	Lánstími	Vaxtakjör	31.12.2019	31.12.2018
Langtímakrafa, innlend, verðtryggð	óviss	0	3.407	3.378
Lánasjóður Íslenskra námsmanna	1-23 ár	1,90-5,26%	32.755	34.981
Vaðlaheiðargöng ehf.	1 ár	0	17.132	16.189
Langtímakrafa, EUR	14 ár	2,50%	5.761	-
Langtímakrafa, innlend, óverðtryggð	óviss	0	7.789	8.673
Lánveitingar samtals			66.844	63.221
Afskriftasjóður, óbein afskrift langtímakrafna			-4.726	-1.634
Næsta árs afborganir langtímakrafna			-2.074	-3.932
Langtímakröfur samtals			60.044	57.655
Afborganir sundurliðaðar eftir gjalddögum				
Árið 2020			2.969	3.950
Árið 2021			20.054	18.940
Árið 2022			2.615	2.674
Árið 2023			2.555	2.499
Árið 2024 og síðar			31.850	29.594
Langtímakröfur samtals			60.044	57.655

Langtímakröfur ríkissjóðs eru lánasamningar til lengri tíma en 12 mánaða sem ekki eru á virkum markaði. Langtímakröfur eru metnar á niðurfærðu kostnaðarverði. Bókfært verð endurspeglar gangvirði þeirra. Nánari upplýsingar um stjórnun áhættu í tengslum við þessar fjáreignir er að finna í skýringu 30.

Skýring 19. Eignarhlutir í félögum

Í millj. kr.	Staða	Staða
	31.12.2019	31.12.2018
Ríkisfyrirtæki í B-hluta	-32.319	140.424
Ríkisfyrirtæki í C-hluta, dótturfélög eignarhlutur 50-100%	822.410	756.057
Eignarhlutir með neikvæðri eignarstöðu færðir meðal skulda, sjá skýringu 15	179.659	-
Eign ríkissjóðs og stofnana í hlutdeildarfélögum	997	2.309
Eign ríkissjóðs og stofnana í öðrum félögum	259	179
Eignarhlutir í félögum samtals	971.006	898.969

Sundurliðun á eignarhlutum er að finna í skýringu 15.

Eignarhlutir í öðrum félögum eru metnir með hlutdeildaraðferð ef eignarhlutur ríkissjóðs í heild er yfir 20% annars eru þeir metnir á kostnaðarverði. Metið virði eignarhluta í sjálfseignarstofnunum er 0 kr. ef framlög til þeirra renna ekki til ríkisins eða stofnana þess við slit, heldur til annarra málefna en annars á kostnaðarverði.

B- og C-hluta ríkisaðilar eru skilgreindir sem dótturfélög ríkissjóðs en þar sem ríkið gerir ekki samstæðureikningsskil fyrir ríkissjóð í heild, eru eignarhlutir í þeim metnir við hlutdeild ríkisins í eigin fé miðað við síðustu reikningsskil liggi upplýsingar um stöðu félaganna ekki fyrir í árslok.

Reikningsár ríkisaðila í B- og C-hluta er almanaksárið.

Ársreikningar ríkisaðila í B- og C-hluta eru gerðir á grundvelli laga um ársreikninga og þegar um er að ræða samstæður með skráð verðbréf er ársreikningur gerður á grundvelli IFRS.

Hlutdeild í afkomu dótturfélaga, þar sem eignarhlutur A-hluta ríkissjóðs er yfir 50%, og hlutdeildarfélag, þar sem eignarhlutur A-hluta ríkissjóðs er á bilinu 20-50%, er færð í yfirlit um afkomu samkvæmt hlutdeildaraðferð.

Hlutdeild í eigin fé dóttur- og hlutdeildarfélag er færð í efnahagsreikning samkvæmt hlutdeildaraðferð nema kostnaðarverð sé lægra. Sé eigið fé neikvætt og ríkissjóður í ábyrgð fyrir skuldum viðkomandi félags er hlutdeild ríkissjóðs í neikvæðu eigin fé færð sem hlutdeild í skuldum viðkomandi félags meðal skulda.

Skýring 20. Erlent stofnfé

Í millj. kr.	Eign 31.12.2019	Framlag á árinu	Gengis- breyting	Eign 31.12.2018
Alþjóðabankinn (IBRD)	1.251	-	49	1.201
Alþjóðaframfarastofnunin (IDA)	6.400	414	-	5.985
Endurreisnar- og þróunarbanki Evrópu (EBRD)	853	-	16	836
Fjölpjóðlega fjárfestingarábyrgðarstofnunin (MIGA)	24	-	1	23
Innviðafjárfestingabanki Asíu (AIIB)	425	86	12	327
Lánasjóður Vestur-Norðurlanda	46	-	1	45
Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið (NEFCO)	180	-	3	176
Norræna umhverfisþróunarfélagið (NMF)	62	-	1	61
Norræni fjárfestingabankinn (NIB)	530	-	10	520
Norrænn þróunarsjóður (NDF)	1.389	-	42	1.347
Þróunarbanki Evrópu (CEB)	153	-	3	150
Eignir stofnana í erlendum félögum	0	-	-	0
Erlent stofnfé samtals	11.313	501	139	10.673

Framlög Íslands til stofnana og sjóða erlendis, sem eru endurkræf eða fást endurgreidd þegar stofnun eða sjóður er lagður niður, eru færð til eignar í efnahagsreikningi ríkissjóðs sem erlent stofnfé. Framlög eru almennt í erlendri mynt og er staða þeirra uppfærð í samræmi við gengisskráningu og breytingin færð á annað eigið fé. Í aðildarsamningum að þessum stofnunum og sjóðum er í einhverjum tilfellum að finna ákvæði um innkallanlegt stofnfé að undangengnum ákveðnum skilyrðum. Innkallanlegar skuldbindingar eru ekki færðar upp í efnahagsreikning. Heildarfrárhæð innkallanlegs stofnfjár liggur ekki fyrir.

Skýring 21. Óinnheimtar tekjur

Í millj. kr.	31.12.2019	31.12.2018
Skatttekjur	88.305	104.628
Tryggingagjöld	11.172	11.243
Aðrar ríkistekjur	4.734	4.486
Aðrar tekjur	3.427	20.798
Fjármunatekjur	2.208	3.729
Óinnheimtar tekjur samtals	109.846	144.884

Við mat á niðurfærslu ógreiddra álagðra skatttekna í lok árs 2019 er horft til innheimtumerkinga gjaldenda og annarra upplýsinga um árangur innheimtuaðgerða auk innheimtureynslu liðinna þriggja ára sem hlutfalls af ógreiddum skattkröfum. Beitt er sömu aðferð við mat á viðurlögum og vöxtum tengdum ógreiddum álagðum skatttekjum að öðru leyti en því að eldri kröfur en tveggja ára í árslok 2019 eru færðar að fullu niður.

Vegna umfangs skattstofnsins er útlánaáhættan dreifð og þess vegna er virk áhættustjórnun ekki tengd henni.

Ríkissjóður er ekki með nein veð eða aðrar tryggingar vegna krafna sem eru gjaldfallnar.

Skýring 22. Birgðir

Í millj. kr.	31.12.2019	31.12.2018
Varahlutir, rekstrarvörur og orkugjafar	663	527
Lyf	437	328
Vegagerðarefni og aðrar birgðir Vegagerðar	561	271
Rannsóknarvörur	286	261
Rekstrarvörur	164	347
Aðrar birgðir	1.143	1.229
Birgðir samtals	3.255	2.965

Birgðir eru færðar á kostnaðarverði að teknu tilliti til úreldingar ef við á. Ef eigna er aflað gegn óverulegu endurgjaldi eða án endurgjalds, eru þær færðar við móttöku á gangvirði eða endurstofnverði.

Skýring 23. Skammtímakröfur

Í millj. kr.	31.12.2019	31.12.2018
Skammtímakröfur	17.648	26.301
Niðurfærsla vegna tapsáhættu	-191	-115
Niðurfærðar skammtímakröfur	17.457	26.186
Aðflutningsgjöld af olúinnflutning	1.702	2.708
Fyrirframgreiddur kostnaður	536	1.133
Annað	520	1.613
Skammtímakröfur samtals	20.215	31.639

Skammtímakröfur eru kröfur sem gert er ráð fyrir að innheimtist innan árs. Skammtímakröfur eru m.a. ýmsar viðskiptakröfur, fyrirframgreiddur kostnaður o.fl. Bókfært verð þeirra er talið endurspeglar gangvirði þeirra.

Skýring 24. Handbært fé

Í millj. kr.	31.12.2019	31.12.2018
Sjóður		
Ríkisstofnanir	17	21
Sjóður samtals	17	21
Bankareikningar, innstæður		
Innlendar innlánsstofnanir	116.661	128.826
Gjaldeyrisreikningar í innlendum innlánsstofnunum	152.464	87.040
Erlendar innlánsstofnanir	918	679
Bankareikningar, innstæður samtals	270.043	216.545
Handbært fé samtals	270.060	216.565

Ríkisaðilar hafa tekið fjármuni til vörslu fyrir þriðja aðila að fjárhæð kr. 9,2 ma.kr. sem varðveitt er á bankareikningum á nafni viðkomandi ríkisaðila. Vörslufé telst hvorki til eigna né skulda í efnahagsreikningi.

Handbært fé samanstendur af reiðufé, bankareikningum og innstæðum með skemmri en þriggja mánaða binditíma.

Skýring 25. Langtímaskuldbindingar

Í millj. kr.	31.12.2019	31.12.2018
Langtímaskuldbindingar		
Lífeyrisskuldbindingar	721.809	646.881
Aðrar skuldbindingar	7.852	-
Langtímaskuldbindingar samtals	729.661	646.881
Lífeyrisskuldbindingar		
Heildarlífeyrisskuldbindingar	989.789	895.279
Fyrirframgreitt upp í skuldbindingar	-267.980	-248.398
Hreinar lífeyrisskuldbindingar samtals	721.809	646.881
Sundurliðun eftir lífeyrissjóðum		
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, B-deild	690.545	616.427
Alþingismenn	9.311	9.215
Ráðherrar	1.896	1.617
Embætti forseta Íslands, hæstaréttardómara o.fl.	6.727	6.497
Eftirlaunasjóður fyrrverandi starfsmanna Útvegsbanka Íslands	5.019	5.072
Eftirlaunasjóður fyrrverandi bankastjóra Útvegsbanka Íslands	167	193
Eftirlaunasjóður fyrrverandi starfsmanna Landsbanka Íslands	163	164
Lífeyrissjóður sveitarfélaga vegna samrekstrarstofnana	7.980	7.697
Hreinar lífeyrisskuldbindingar samtals	721.809	646.881
Aðrar skuldbindingar		
Óbein niðurfærsla vegna eigna	3.200	-
Aðrar skuldbindingar	4.652	-
Aðrar skuldbindingar samtals	7.852	-

Aðrar skuldbindingar stafa af varúðarfærslum sem metnar eru í árslok vegna óvissra eigna og skulda.

Í reikningshaldi ríkisins er lögð áhersla á að sýna allar skuldir og skuldbindingar eins og þær eru best þekktar á hverjum tíma. Lögum samkvæmt er ríkissjóður í bakábyrgð fyrir greiðslu lífeyris í B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Iðgjöld til þessara sjóða hafa ekki nægt til að mæta áunnum réttindum sjóðfélaga á hverjum tíma og því hefur myndast krafa á ríkissjóð um framlög til að standa undir skuldbindingum sjóðsins. Í þessu felst að ábyrgð ríkissjóðs takmarkast ekki við lífeyrisskuldbindingar ráðuneyta og ríkisstofnana heldur nær hún einnig til skuldbindinga annarra sem eiga aðild að sjóðunum. Þar falla undir ýmis fyrirtæki, félög og samtök sem hafa fengið samþykka aðild í gegnum tíðina. Nær það meðal annars til ýmissa sjálfseignarstofnana sem eru að stærstum hluta fjármagnaðar með framlögum úr ríkissjóði. Skuldbindingar sem tilheyra ríkissjóði eru færðar meðal lífeyrisskuldbindinga ríkisins í ríkisreikningi. Er þá miðað við skuldbindingar sem eru umfram lögbundnar greiðslur launagreiðendanna til sjóðanna, það er greiðslu iðgjalda og lífeyrishækkana vegna starfsmanna þeirra.

Hreinar lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs eru skilgreindar sem áfallnar lífeyrisskuldbindingar að frádregnum eignum lífeyrissjóðsins sem þeim réttihöfum tilheyra og fyrirframgreiðslum ríkissjóðs upp í lífeyrisskuldbindingar. Lífeyrisskuldbindingar lífeyrissjóða eru reiknaðar út á grundvelli tryggingafræðilegra forsendna. Í ríkisreikningi hverju sinni miðast lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs við niðurstöður þessara úttekta um áfallnar skuldbindingar viðkomandi lífeyrissjóða í árslok. Fyrirframgreiðslur ríkissjóðs upp í lífeyrisskuldbindingar eru innstæður sem ríkissjóður hefur myndað hjá B-deild LSR með sérstökum framlögum allt frá árinu 1998 samkvæmt samkomulagi sem fjármálaráðherra gerði við LSR.

Sem hluti af innleiðingu á breyttum reikningsskilum ríkisins var mat á lífeyrisskuldbindingum endurskoðað. Inn í mat þeirra var tekin spá um lækandi dánartíðni, lífslíkutölur voru aðlagðar að frávikum í lífslíkum réttihafa sjóðarins frá almennum lífslíkum og framtíðarskuldbinding tekin inn í stað þess að aðeins áfallnar skuldbinding var tekin inn áður. Heildaráhrif af þessari breytingu eru hækkun reiknaðra lífeyrisskuldbindinga um 83,4 milljarða króna og eru þessar breytingar færðar inn í gegnum efnahag sem breyting á eigið fé.

Fram hefur komið að áfallnar lífeyrisskuldbindingar A-hluta ríkissjóðs fela í sér reiknaðar skuldbindingar gagnvart lífeyrissjóðum samkvæmt tryggingafræðilegu mati á áunnum lífeyrisréttindum starfsmanna umfram eignir lífeyrissjóðanna til að mæta réttindum réttihafa. Tryggingafræðilegt mat á lífeyrisskuldbindingum í árslok 2019 miðast meðal annars við eftirtaldir almennar forsendur:

- 2% ávöxtun umfram launahækkunar
- Íslenskar lífslíkur miðað við reynslu árána 2014-2018
- Lífslíkur aðlagðar að mögulegum frávikum í lífslíkum réttihafa sjóðanna frá almennum lífslíkum þjóðarinnar
- Spá um hækkandi lífslíkur – tryggingafræðileg áhrif
- Staðlaðar hjúskapar- og barneignalíkur
- Gert er ráð fyrir að hjúskaparstaða lífeyrisþega í árslok 2019 breytist ekki fyrr en við andlát
- Við mat á framtíðarörorku er miðað við 50% af meðaltali örorkulíka 17 Íslenskra lífeyrissjóða út frá reynslu árána 1998-2002 en þessar örorkulíkur eru staðlaðar frá og með reikningsárinu 2006. Tekið mið af mögulegum frávikum réttihafa sjóðanna frá meðaltali
- Við matið er miðað við að virkir sjóðsfélagar LSR aðrir en þeir sem áttu rétt hjá LH, hefji töku ellilífeyris 68 ára gamlir en aðrir sem þar eiga réttindi hefji töku lífeyris 65 ára gamlir

Hækkun lífeyrisskuldbindinga ríkissjóðs á árinu 2019 skýrist í aðalatriðum af eftirtöldum þáttum:

- Hækkun á vísitölu lífeyrisskuldbindinga hjá opinberum starfsmönnum um 1,87% á árinu
- Yfirtökur á lífeyrisskuldbindingum nokkurra hjúkrunarheimila og sjálfseignarstofnana gagnvart B-deild LSR
- Áunnin ný réttindi nema almennt 2,0% á ári hjá virkum sjóðfélögum

Staða á fyrirframgreiðslum ríkissjóðs upp í lífeyrisskuldbindingar hækkaði um 19,6 ma.kr. á árinu 2019 eða úr 248,4 ma.kr. í ársbyrjun í 268,0 ma.kr. í árslok. Breytingin skýrist í aðalatriðum af eftirfarandi þáttum:

- Lækkun um 31,2 ma.kr. sem þurfti að ráðstafa af inneign ríkissjóðs hjá B-deild LSR til greiðslu lífeyris þar sem eignir deildarinnar til greiðslu lífeyris eru uppnar
- Aukaframlag 7,0 ma.kr. samkvæmt fjárlögum 2019 til B-deildar LSR
- Viðbótarframlög til B-deildar LSR námu alls 0,8 ma.kr.
- Innstæður ríkissjóðs hjá B-deild LSR eru verðtryggðar með vísitölu neysluverðs og bera jafnframt vexti í samræmi við hreina raunávöxtun sjóðanna hverju sinni og námu vextir og verðbætur af inneign ríkissjóðs alls 43,0 ma. kr. á árinu 2019

Hækkun lífeyrisréttindi sjóðfélaga vegna launahækkana hjá opinberum starfsmönnum gjaldfærast í rekstri ríkissjóðs og er gjaldfærðri skuldbindingu ársins skipt upp í reiknaða vexti af skuldbindingu ríkissjóðs annars vegar og launatengd gjöld hins vegar. Reiknaðir vextir nema 2% af meðalskuldbindingu ársins.

Skýring 26. Langtímaskuldir

Í millj. kr.	Vextir	31.12.2019	31.12.2018
Langtímaskuldir			
Skráð innlend skuldabréf, óverðtryggð	3,50-8,75%	406.115	444.791
Skráð innlend skuldabréf, verðtryggð	1,50-3,25%	243.252	222.925
Skráð erlend skuldabréfaútgáfa, EUR	0,10-2,50%	175.491	113.537
Skráð erlend skuldabréfaútgáfa, USD	5,88%	11.172	10.732
Önnur innlend skuldabréf	2,00-5,00%	34.644	37.746
Gengisbundin skuldabréf	0,00-2,50%	128	373
Skuldabréf samtals		870.802	830.101
Næsta árs afborganir langtímaskulda		-108.839	-57.227
Langtímaskuldir, nettó		761.963	772.874
Hlutdeild í skuldum dótturfélaga með neikvæða eiginfjárlutdeild		179.659	-
Langtímaskuldir samtals		941.622	772.874

Framangreind vaxtakjör eru vextir viðkomandi lánaflokka langtímaskulda í árslok 2019.

Í millj. kr.	31.12.2019	31.12.2018
Afborganir af langtímaskuldum dreifast þannig á næstu ár		
Árið 2020 / 2019	108.839	57.227
Árið 2021 / 2020	88.127	128.716
Árið 2022 / 2021	6.475	83.700
Árið 2023 / 2022	6.466	162.940
Árið 2024 / 2023	93.353	6.403
Síðar	567.522	391.117
Afborganir samtals	870.802	830.101

Skilmálar langtímaskulda eru um óskilyrtan rétt til að endugreiða á lengri tíma en einu ári.

Þar sem eignarhlutdeild í dótturfélögum er neikvæð, sbr. skýringu 15, er neikvæð staða færð sem hlutdeild í skuldum viðkomandi dótturfélags. Þegar viðkomandi hlutdeild er ekki líkleg til að koma til greiðslu á næstu 12 mánuðum er hún færð meðal langtímaskulda.

Í millj. kr.	31.12.2019	31.12.2018
Langtímaskuldir sundurliðað eftir lánveitendum		
Ríkisaðilar í B-hluta	1.368	1.333
Fallnar ríkisábyrgðir	5.476	6.896
Lífeyrissjóðir	27.351	28.676
Fyrirtæki og atvinnuvegir	259	568
Skráð ríkisbréf óverðtryggð, RIKB	406.115	444.791
Skráð ríkisbréf verðtryggð, RIKS	243.570	223.567
Erlend skráð bréf	186.664	124.269
Samtals	870.802	830.101
Næsta árs afborganir langtímaskulda	-108.839	-57.227
Langtímaskuldir, nettó	761.963	772.874
Hlutdeild í skuldum dótturfélaga með neikvæða eiginfjárlutdeild	179.659	-
Langtímaskuldir samtals	941.622	772.874

Ríkisbréf, verðtryggð

Útgáfudagur	Útgáfu-flokkur	Grunn-vísitala	Vextir	Útgáfu-fjárhæð	Staða 31.12.2019	Áfallnir vextir 31.12.2019	Upp-greiðsluverð 31.12.2019
14.04.2010	RIKS 21 0414	361,77	Breytilegir	62.171	81.257	2.202	83.459
01.07.2011	RIKS 30 0701	377,60	3,25%	73.727	92.315	1.500	93.815
01.07.2012	RIKS 33 0321	389,62	3,00%	34.172	41.468	969	42.437
16.02.2018	RIKS 26 0216	446,99	1,50%	19.073	20.174	287	20.461
Ríkisbréf, verðtryggð samtals					235.215	4.958	240.173
Innlausnarvirði verðtryggðra ríkisbréfa							272.160

Áfallnar verðbætur á ríkisbréf, verðtryggð í árslok 2018 miðast við neysluverðsvísitölu 460,5 stig.

Áfallnar verðbætur á ríkisbréf, verðtryggð í árslok 2019 miðast við neysluverðsvísitölu 472,8 stig.

Ríkisbréf, óverðtryggð

Útgáfudagur	Gjalddagi	Útgáfuflokkur	Lánstími	Vextir	Upp-greiðsluverð 31.12.2019	Upp-greiðsluverð 31.12.2018
26.02.2008	26.02.19	RIKB 19 0226	-	-		54.485
12.06.2009	12.06.25	RIKB 25 0612	16	8,00%	95.694	91.649
24.01.2011	24.01.31	RIKB 31 0124	20	6,50%	99.736	99.736
26.10.2022	26.10.22	RIKB 22 1026	11	7,25%	82.119	82.122
05.02.2014	05.02.20	RIKB 20 0205	6	6,25%	64.786	80.424
15.11.2016	15.11.28	RIKB 28 1511	12	5,00%	65.813	55.013
05.08.2021	05.08.21	RIKB 21 0805	2	2,85%	12.043	-
Ríkisbréf, óverðtryggð samtals					420.191	463.428
Innlausnarvirði óverðtryggðra ríkisbréfa					469.669	468.715

Undir langtímaskuldir flokkast allar skuldir ríkissjóðs þar sem ríkissjóður hefur skilyrðislausa heimild til að fresta greiðslu til lengri tíma en eins árs á uppgjörsdegi. Í töflunum hér á undan er birt staða langtímalána í lok árs og til samanburðar í lok ársins á undan. Langtímaskuldir eru færðar á upphaflegu útgáfuverði að teknu tilliti til verðbóta, gengisbreytinga, gjaldfærðra affalla og afborgana.

Allur höfuðstóll, vextir og annað fé til greiðslu í tengslum við lán tekin af ríkissjóði ásamt almennum skuldbindingum, greiðist af tekjum sem koma í ríkissjóð.

Ríkissjóður er ekki skuldbundinn til að greiða skuldir opinberra hlutafélaga, dótturfélaga þeirra eða félaga sem ríkissjóður á hlut í. Undantekning frá þessari reglu á aðeins við ef ríkið er skuldbundið samkvæmt lögum eða ábyrgðum útgefnum af ríkissjóði (sjá skýringu 31).

Skýring 27. Sérleyfissamningar

Í millj. kr.	31.12.2019	31.12.2018
Samningur vegna Vaðlaheiðarganga	15.675	-
Sérleyfissamningar samtals	15.675	-

Samningur ríkissjóðs við Vaðlaheiðargöng ehf veitir félaginu leyfi til að gera og reka veggöng undir Vaðlaheiði. Að samningstíma loknum eru göngin afhend ríkissjóði án endurgjalds. Sérleyfistíminn er 33 ár.

Á grundvelli reikningssskilaaðferða um sérleyfiseignir eignfærast göngin hjá sérleyfisveitanda, ríkissjóði, og mótbókast sem skuld vegna öflunar ganganna. Skuld þessi færast til tekna á sérleyfistímanum með jöfnum árlegum fjárhæðum út sérleyfistímann.

Í millj. kr.	31.12.2019	31.12.2018
Sérleyfissamningar færast þannig til tekna		
Árið 2020	490	-
Árið 2021	490	-
Árið 2022	490	-
Árið 2023	490	-
Síðar	13.715	-
Sérleyfissamningar samtals	15.675	-

Skýring 28. Lánastofnanir og ríkisvixlar

Í millj. kr.	31.12.2019	31.12.2018
Ríkisvixlar	21.648	10.958
Bankareikningslán ríkisaðila	28.497	14.207
Skammtímalán, gengisbundin	345	-
Lánastofnanir og ríkisvixlar samtals	50.490	25.165

Bankareikningslán eru skammtímafjármögnun í viðskiptabanka viðkomandi stofnunar.

Gengisbundin skammtímalán tengjast milliríkjasamningum um greiðslufrest opinberrar þjónustu.

Ríkisvixlar eru færðir á afskrifuðu kostnaðarverði. Þar sem þeir eru skammtíma fjármálagerningar útgefni af ríkissjóði, verður bókfært verð þeirra ekki fyrir efnislegum áhrifum af breytingum á útlánaáhættu ríkissjóðs og því er bókfært verð jafnt greiðslu á gjalddaga.

Skýring 29. Ýmsar skammtímaskuldir

Í millj. kr.	31.12.2019	31.12.2018
Áfallnir ógjaldfallnir vextir	20.711	24.720
Ógreitt orlof	20.741	19.997
Ógreidd laun og launatengd gjöld	4.608	5.023
Önnur ógreidd gjöld	21.989	27.071
Skattar	9.518	9.487
Aðrar skammtímaskuldir	598	2.786
Ýmsar skammtímaskuldir samtals	78.165	89.084

Skýring 30. Upplýsingar um atburði eftir reikningskiladag

Atburðir sem gerast eftir lokun reikningskiladags, geta haft áhrif á mat á fjárhagsstöðu ríkissjóðs. Hér á eftir eru veittar upplýsingar um þá atburði sem vitað er um að gerst hafa fram að birtingu ríkisreiknings. Sá fyrirvari er þó hafður á, að þeir atburðir sem hér eru tilgreindir, eru ef til vill ekki tæmandi.

Heimsfaraldur kórónuveiru (COVID-19) hefur haft umtalsverð áhrif á ríkisfjármál eftir að hann skall á með fullum þunga á vormánuðum. Til þess að draga úr efnahagslegum áhrifum hefur verið gripið til ýmissa ráðstafana með tilheyrandi neikvæðum áhrifum á afkomu ríkissjóðs og skuldastöðu. Minni tekjur og aukin útgjöld kalla á stóru auknar lántökur frá því sem áður var talið að myndi mæta þörf ríkissjóðs. Heildaráhrif þeirra aðgerða sem kynntar hafa verið geta numið samtals um 119 ma.kr. á rekstrargrunni og 145 ma.kr. á greiðslugrunni á árinu 2020. Þar af nema bein áhrif á útgjöld ríkissjóðs 101 ma.kr. Ríkisábyrgðir sem kunna að falla á ríkissjóð kæmu til viðbótar þessum gjaldfærslum. Í fjárukalagafrumvarpi sem samþykkt var í apríl mánuði, var lánsfjárlánsheimild ríkissjóðs aukin úr 45 ma.kr. í 140 ma.kr. fyrir árið í heild. Enn ríkir ákveðin óvissa um heildarumfang aðgerða og þar með endanleg áhrif á ríkissjóð, en ætla má að lánsfjárbörf ríkissjóðs geti orðið enn meiri en gert var ráð fyrir í fjárukalagafrumvarpi í vor.

Einn liður í aðgerðunum til að sporna við neikvæðum áhrifum kórónuveirufaraldursins var að flýta fjárfestingum og gert er ráð fyrir sérstökum fjárfestingaráttaki 18 ma.kr. á árinu 2020. Frá árslokum 2019 fram að birtingu ríkisreiknings í júlí 2020 hefur ríkissjóður einnig aukið hlutfé í Ísavia ohf. um 3.970 m.kr. til þess að liðka fyrir auknum fjárfestingum félagsins, sem hluti af aðgerðum til að bregðast við áhrifum COVID-19 heimsfaraldursins.

Í júní mánuði gaf ríkissjóður út nýtt skuldabréf að fjárhæð 500 milljónir evra, eða að jafnvirði um 76 ma.kr. Heildarskuldir ríkissjóðs jukust því samsvarandi vegna aðgerðarinnar. Áhrif á vaxtagjöld eru jákvæð, en nýja skuldabréfið ber 0,1% vexti.

Af öðrum þáttum má nefna að ríkissjóður lánaði Byggingastofnun í byrjun árs langtímalán að fjárhæð 3,6 milljónir evra.

Nokkrir dómar hafa fallið frá áramótum og einnig eru yfirstandandi dómsmál gagnvart ríkinu þar sem gerðar eru verulegar fjárkröfur á hendur ríkinu. Ekki er lagt mat á það hversu líklegt það er að ríkið verði fyrir neikvæðum fjárhagslegum áhrifum vegna ólokinna mála en gerð er grein fyrir heildarkröfum.

- Nokkur mál eru fyrir dómi vegna reksturs hjúkrunarheimila á vegum sjálfseignastofnana þar sem heildarkröfur eru um 4 ma.kr. Hæstiréttur sýknaði í júní ríkið í máli sem Garðabær höfðaði vegna ágreinings um greiðsluskyldu ríkisins vegna reksturs hjúkrunarheimilisins Ísafoldar.
- Dómsmál vegna úthlutunar makrílkvóta á árabílinu 2011 til 2018. Frá áramótum hafa nokkur sjávarútvegsfyrirtæki fallið frá málsókn á hendur Íslenska ríkinu vegna meints fjártjóns við úthlutun aflaheimilda í makríl. Eftir eru tvö sjávarútvegsfyrirtæki sem eru með heildarkröfur um 1,5 ma.kr.
- Dómsmál vegna frádráttar sem TR færði hjá ellilífeyrisþegum. Lífeyrisgreiðslur voru lækkaðar vegna tekna. Á árinu 2019 greiddi ríkið um 5 ma.kr vegna þessa máls. Nýjar kröfur frá áramótum nema um 4,5 ma.kr.
- Nokkur mál frá innflutningsfyrirtækjum vegna tolla og tollkvóta, eru rekin fyrir dómstólum, sem snúast m.a. um lögmæti útboðsgjalda, heildarkröfur eru um 3 ma.kr.
- Guðmundar- og Geirfinnsmál, heildarkröfur nema um 2,5 ma.kr.

Skýring 31. Áhættuþættir og áhættustýring

Áhættuþættir og áhættustýring

Fjárhagsáhætta ríkissjóðs tengist bæði beinum og óbeinum skuldbindingum auk ytri áhættuþátta. Uppruni fjárhagsáhættu ríkissjóðs er því þekktur að hluta en einnig er um óvissuþætti að ræða sem ekki er vitað um hvort og hvenær raungerast. Hér á eftir er tæpt á helstu áhættuþáttum sem ríkissjóður stendur frammi fyrir og þeim megin ramma, stefnum og viðmiðum sem viðhöfð eru við rekstur og áhættustýringu ríkissjóðs.

Áhættuskuldbindingar

Ríkissjóður stendur frammi fyrir fjárhagsáhættu á hverjum tíma sem tengist bæði beinum og óbeinum skuldbindingum hans. Stærsta beina skuldbinding ríkissjóðs lýtur að lífeyrisskuldbindingum. Óbeinar skuldbindingar eru fjárhagslegar skuldbindingar sem mögulega munu falla á ríkissjóð við ákveðin skilyrði í framtíðinni. Óvissa ríkir um hvort og hvenær þær skuldbindingar falla til. Helsta óbeina skuldbinding ríkissjóðs lýtur að ríkisábyrgðum.

Lífeyrisskuldbindingar

Ein helsta beina skuldbinding ríkissjóðs felst í lífeyrisskuldbindingum vegna B-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR) og eru þær háðar ytri eða hagrænum breytingum. Ófjármagnaðar lífeyrisskuldbindingar hækkuðu um tæpa 75 ma.kr. á milli árána 2018 og 2019 eða úr 647 ma.kr. í 722 ma.kr. Samsvarar það 11,6% hækkun á milli ára. Hækkun lífeyrisskuldbindinga á milli ára skýrist fyrst og fremst af áhrifum reikningsskilabreytinga en einnig launahækkunum hjá opinberum starfsmönnum sem hafa beina tengingu við lífeyrisréttindi sjóðfélaga og tryggingafræðilegum forsendum. Áhrif reikningsskilabreytinganna nema um 63,6 ma.kr. Á móti vegur ávöxtun sjóðanna sem var há í sögulegu samhengi eða um 14,8% að raungildi hjá B-deild LSR. Tryggingafræðilegar forsendur auka lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs um 19,8 ma.kr. á milli ára. Án áhrifa breyttra reikningsskila og tryggingafræðilegra forsendna lækkuðu því hreinar lífeyrisskuldbindingar um 8,5 ma.kr. á árinu 2019.

Ríkisábyrgðir

Helstu óbeinar skuldbindingar ríkissjóðs felast í veittum ríkisábyrgðum, sbr. lög nr. 121/1997. Þorri ríkisábyrgða eða 91% eru vegna Íbúðalánasjóðs og Landsvirkjunar. Staða ríkisábyrgða hefur farið lakkandi á síðustu árum og námu þær 920 ma.kr. í lok árs 2019 sem samsvarar 31% af vergri landsframléiðslu. Undanfarin ár hefur dregið úr áhættu ríkissjóðs vegna ríkisábyrgða m.a. vegna uppgreiðslu skulda Landsvirkjunar.

Í kjölfar tillagna starfshóps sem félags- og barnamálaráðherra skipaði haustið 2017 um leiðir til að draga úr áhættu ríkisins vegna stóruaukinna uppgreiðslna hjá Íbúðalánasjóði var ákveðið að skilja með lögformlegum hætti á milli annars vegar þeirri starfsemi Íbúðalánasjóðs sem snýr að stefnumótun og framkvæmd húsnæðismála og hins vegar þeirri starfsemi sem snýr að fjármálaumsýslu vegna fjármögnunar og eldri lánveitinga. Með lögum nr. 137/2019, um Húsnæðis- og mannvirkjastofnun og lögum nr. 151/2019 um úrvinnslu eigna og skulda ÍL-sjóðs, hefur verið skilið með lögformlegum hætti á milli þessara starfsþátta. Ráðherra sem fer með fjármál ríkisins fer nú með yfirstjórn ÍL-sjóðs sem sérstakt úrvinnsluverkefni. Öll starfsemi Íbúðalánasjóðs er laut að húsnæðismálum er nú á ábyrgð Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar sem heyrir undir félagsmálaráðuneytið. Með uppskiptingu Íbúðalánasjóðs verða til þrjár stofnanir sem taka við eignum og skuldum sjóðsins, ÍL-sjóður, Húsnæðissjóður og Húsnæðis- og mannvirkjastofnun sem einnig yfirtók starfsemi Mannvirkjastofnunar þann 31. desember 2019.

ÍL-sjóður er sá hluti starfsemi Íbúðalánasjóðs sem snýr að útgáfu HFF bréfa, eldri lánastarfsemi og fjárstýringu eigna utan lánasafns, s.s. lausafjár og annarra verðbréfa. ÍL-sjóður mun starfa áfram á sömu kennitölu og Íbúðalánasjóður en lögin fela ekki í sér neinar breytingar á áður útgefinni ríkisábyrgð vegna skuldbréfaútgáfu Íbúðalánasjóðs (HFF). Við uppskiptingu lánasafns hefur verið unnið út frá þeirri forsendu að lán til félagslegra þarfa, leiguíbúða auk lána til einstaklinga veitt eftir 1. janúar 2013 teljist til lánasafns Húsnæðissjóðs, en öll önnur lán teljast til lánasafns ÍL-sjóðs. Þrátt fyrir uppskiptingu liggur uppgreiðsluáhætta vegna útlánasafna áfram hjá ÍL-sjóði og þar með ríkissjóði þar sem ekki er mögulegt að ráðstafa uppgreiðslum í að greiða upp skuldir nema kaupa þær á markaði. Tækifæri ríkissjóðs til að vinna með áhættuna eru hins vegar fleiri eftir uppskiptingu, t.a.m. með sameiginlegri lausafjárstýringu eða annarri skynsamlegri nýtingu á uppgreiðslum. Markmið ÍL-sjóðs er að vinna að því að draga úr áhættu ríkissjóðs vegna eldri útlána Íbúðalánasjóðs. Í lok árs 2019 var lagt mat á gangvirði eigna og skulda sjóðsins og samkvæmt því mati var munurinn neikvæður um 178 ma.kr.

Afkoma Landsvirkjunar hefur verið góð á síðustu árum og er eiginfjárlutfall félagsins í sögulegu hámarki í árslok 2019 eða 51%. Þróun álverðs, vaxta og gjaldmiðla hefur mikil áhrif á þróun afkomu Landsvirkjunar, en félagið nýtir afleiðusamninga í þeim tilgangi að draga úr áhættu. Tekjur félagsins eru að hluta tengdar álverði og hafa breytingar á því áhrif á framtíðartekjur Landsvirkjunar. Nettóskuldir félagsins (vaxtaberandi skuldir að frádregnu handbæru fé) hafa farið hratt lakkandi og hefur það ásamt bættum lánskjörum haft jákvæð áhrif á afkomu félagsins. Fjármögnun Landsvirkjunar hefur á síðustu misserum verið án ríkisábyrgðar en áfram er til staðar ríkisábyrgð á eldri skuldbindingum. Staða ríkisábyrgða gagnvart Landsvirkjun hefur þó lækkað með uppgreiðslu útstandandi lána og námu þær tæplega 3% af landsframléiðslu í lok árs 2019.

Seðlabanki Íslands

Ríkissjóður stendur frammi fyrir áhættu vegna afkomu Seðlabanka Íslands. Á grundvelli 3. gr. laga nr. 124/2014, um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands, getur Seðlabankinn kallað eftir því að ríkissjóður leggi honum til aukið eigið fé, ef eigið fé bankans fer undir ákveðið viðmið og afkomuhorfur hans eru þess eðlis að útlit er fyrir frekari lækun eigin fjár. Eiginfjárframlagið getur orðið allt að 52 ma.kr. sem tryggðir eru með vísitölu neysliverðs frá desember 2014, en það svarar til 58 ma.kr. á verðlagi í janúar 2020. Seðlabankinn skal á hverju ári ákveða eiginfjármarkmið fyrir bankann sem endurspeglar þörf hans fyrir eigið fé sem skv. 1. mgr. 3. gr. sömu laga tekur mið af:

- Kostnaði við rekstur bankans
- Áhættu liða í efnahagsreikningi hans
- Óvissu sem bankinn stendur frammi fyrir á hverjum tíma

Seðlabankinn ber verulegan kostnað af því að halda úti gjaldeyrisforðanum vegna vaxtamunar á innlendum skuldbindingum og ávöxtunar af forða, og hefur hann að öðru óbreyttu haft neikvæð áhrif á afkomu bankans á síðustu misserum. Afkoma bankans var jákvæð á síðasta ári og batnaði hún um 58 ma.kr. á milli ára sem skýrist að stærstum hluta af gengismun. Eiginfjármarkmið bankans er óbreytt frá fyrra ári, en við uppfærslu þess skýrist hvort og hvenær komi til innköllunar eigin fjár.

Samstarfsverkefni hins opinbera og einkaaðila

Samstarfsverkefni ríkissjóðs og einkaaðila (e. Public private partnership) geta falið í sér fjárhagsáhættu fyrir ríkissjóð þótt engin ríkisábyrgð hvíli á verkefnunum. Samstarfsverkefni fela oft í sér litla beina fjárhagsáhættu fyrir ríkissjóð en þó geta komið upp aðstæður þar sem verkefni þurfa fjármagn umfram það sem áætlað er í gildandi fjárlögum. Ríkissjóður er í samstarfi við einkaaðila um Vaðlaheiðargöng. Vaðlaheiðargöng voru opnuð fyrir umferð í desember 2018. Frekari lánveitingar til félagsins voru samþykktar á árinu 2017 til að mæta fjárbörf þess svo hægt væri að ljúka frágangi við göngin og jókst áhætta ríkisins í samræmi við það. Gert hefur verið ráð fyrir að lán ríkissjóðs til Vaðlaheiðarganga yrðu endurgreidd eða endurfjármöggnuð á árinu 2021. Rekstur Vaðlaheiðarganga árið 2019, fyrsta heila rekstrarári félagsins, var undir áætlun, en umferð var þó yfir upprunalegum áætlunum. Árið 2020 hefur byrjað illa, aðallega vegna áhrifa af útbreiðslu Covid-19 faraldursins á ferðamannastraum til landsins. Líklegt er að árið 2021 muni einnig litast af þessum áhrifum. Til lengri tíma ætti umferð að nálgast upprunalegar áætlanir. Ef núverandi vaxtastig helst fram á næsta ár og félaginu tekst að endurfjármagna lánin á kjörum sem endurspeglar að einhverju leyti muninn á núverandi vaxtastigi og því stigi sem var þegar lán félagsins voru tekin, mun það veða á móti fyrrgreindri þróun.

Langtímasamningar

Ríkissjóður, ráðuneyti og ríkisstofnanir stofna jafnan til ýmissa samninga sem fela í sér skuldbindingar sem ná fram yfir reikningsárið. Í séryfirliti 15 er gerð grein fyrir slíkum samningum og árlegar greiðslur af þeim árin 2020-2023 áætlaðar.

Ívilnunar samningar

Ívilnanir til nýfjárfestinga eru veittar ýmist á grundvelli sérlega eða almennra laga til að efla nýfjárfestingu í atvinnurekstri, samkeppnishæfni Íslands og byggðapróun. Í þessum samningum hefur almennt verið samið um 15% tekjuskattshlutfall og að jafnaði helmingi lægra tryggingagjald en almennur rekstur býr við, auk annarra undanþága eins og frá ákvæðum 34. og 42. gr. laga um tekjuskatt og undanþága frá aðflutningsgjöldum. Áætluð hámarks eftirgjöf ríkisins vegna samninganna er 5,9 ma.kr.

Erlent stofnfé

Í efnahagsreikningi er fært til eignar það erlenda stofnfé sem greitt hefur verið. Til viðbótar við það er svokallað innkallanlegt stofnfé sem ekki er fært í efnahagsreikning. Skýr skilyrði eru fyrir slíkri innköllun og ekki er fjárfélagið að atburðir gerist á næstu misserum sem leiði til innköllunar á þeim loforðum.

Lagalegir áhættuþættir /dómsmál

Fjöldmörg dómsmál eru höfðuð á hendur Íslenska ríkinu á hverju ári. Málin eru af ýmsum gerðum og eðlisólík, t.d. einfaldar bótakröfur vegna afmarkaðra atvika, en önnur prófmál sem geta geta miklar afleiðingar langt umfram bótakröfur viðkomandi máls. Oft er mikil óvissa um lyktir mála og því getur reynst erfitt að áætla fjárhagslega áhættu ríkissjóðs. Í kaflanum hér á undan sem fjallar um atburði eftir lok reikningsskiladags, er fjallað nánar um lyktir og stöðu þeirra dómsmála sem hafa verið til meðferðar hjá dómstólum fram að birtingu ríkisreiknings.

Félög í eigu ríkisins

Opinber fyrirtæki geta haft bein neikvæð áhrif á afkomu ríkissjóðs ef illa árar og verið veruleg uppspretta fjárhagsáhættu og óvissra skuldbindinga. Nánar er fjallað um rekstur ríkisaðila og fyrirtæki í ríkiseigu í kaflanum hér á eftir.

Aðrir áhættuþættir

Ríkið ber ekki lögbundna ábyrgð á skuldum sveitarfélaga en fjárhagsstaða þeirra getur falið í sér almenna áhættu ef einstök sveitarfélög megna ekki að gegna hlutverki sínu. Samkvæmt lögum nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga er gert ráð fyrir ákveðinni aðkomu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga að því að greiða úr sérstökum fjárhagsferfiðleikum sveitarfélaga. Auk þess er skuldastaða sveitarfélaga í heild áhætta fyrir efnahagslífið og ríkissjóð. Alþingi samþykkti lög um málefni sveitarfélaga árið 2011 þar sem komið var á auknum aga og skýrari reglum í fjármálum sveitarfélaga ásamt auknu eftirliti og upplýsingagjöf um fjármál þeirra. Með lögum um opinber fjármál urðu síðan umtalsverðar breytingar á samstarfi ríkis og sveitarfélaga hvað varðar almenna stefnumörkun sem lýtur að útgjalda- og tekjupróun, afkomu og þróun eigna og skulda. Þar með skapaðist betra færi til að tryggja að afkoma sveitarfélaga í heild lúti skilgreindum markmiðum og að komið verði í veg fyrir hallarekstur sem kynni hugsanlega að kalla á fjárútlát af hálfu ríkisins.

Lagaumgjörð og eftirlit með fjármálakerfinu hefur tekið miklum breytingum frá árinu 2008. Kröfur um magn og gæði eigin fjár og stjórnarhætti í fjármálafyrirtækjum eru nú gerbreyttar og miða að því að áhættan af rekstri þeirra verði í meira mæli borin af eignum fyrirtækjanna. Með nýjum lögum um endurreisn og skilameðferð fjármálafyrirtækja er enn dregið úr líkum á því að áföll í rekstri þeirra lendi á almenningi og ríkissjóði. Meðal þess sem þar er að finna er nýtt hámark á innstæðutryggingar sem miðast við 100 þúsund evrur, en áður var um rúmlega 20 þúsund evra lágmark að ræða. Framkvæmd eftirlits á fjármálamarkaði hefur tekið stakkaskiptum á síðustu árum, t.d. með upptöku áhættumiðaðs eftirlits. Þá hafði nýleg sameining Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlits m.a. það markmið að efla traust og tryggja skilvirkni við framkvæmd þjóðhagsvarúðar og fjármálaeftirlits. Allar þessar breytingar stuðla að því að mjög verulega hefur dregið úr líkum á því að reyni á aðkomu ríkisins vegna áfalla í rekstri fjármálafyrirtækja.

Stjórnvöld hafa lagt áherslu á að auka gagnsæi kerfislega mikilvægra fyrirtækja, en ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra lagði í apríl fram frumvarp á Alþingi þess efnis að ríkari kröfur verði gerðar um gagnsæi í rekstri stærri óskráðra fyrirtækja. Með frumvarpinu er m.a. brugðist við tilmælum frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum um aukid gagnsæi í rekstri stærri fyrirtækja. Verði frumvarpið að lögum má ætla að betri yfirsýn fái á efnahagslegri áhættu af rekstrarerfiðleikum stórra fyrirtækja sem ekki eru skráð á markað.

Áhættuvarnir, eftirlit og upplýsingagjöf

Í ljósi þeirrar fjárhagsáhættu sem ríkissjóður stendur frammi fyrir hefur verið unnið að því að bæta rekstrarumgjörð og styrkja eftirlit og upplýsingagjöf á ýmsum sviðum. Ein veigamesta breytingin lýtur að lögum um opinber fjármál nr. 123/2015, en með þeim var innleidd langtímahugsun í opinber fjármál og samhæfing hagstjórnar tryggð. Hér verður tæpt á megin ramma ríkisfjármála, helstu stefnum og viðmiðum sem viðhaft er við rekstur, eigna-, skulda- og áhættustýringu ríkissjóðs.

Lög um opinber fjármál

Í samræmi við lög um opinber fjármál nr. 123/2015 setur ríkisstjórn fram fjármálastefnu til 5 ára. Megintilgangur fjármálastefnu er að stuðla að efnahagslegu jafnvægi til lengri tíma og skapa þar með betri forsendur fyrir hagkvæmari nýtingu mannafla, fjármagns og auðlinda. Þá er fjármálastefna tæki stjórnvalda til að sýna hvernig kröfum um stöðugleika og sjálfbærni opinberra fjármála verði náð, sbr. 6.gr. Þá leiðir fjármálastefnan fram hvernig stjórnvöld hyggjast mæta kröfum laganna um að stöðugleika og sjálfbærni opinberra fjármála verði náð. Í lögunum felst að stefnumörkun í opinberum fjármálum nái ekki eingöngu til starfsemi ríkisins heldur einnig til starfsemi annarra opinberra aðila. Á grundvelli fjármálastefnu setur ríkisstjórn síðan fram fjármálaáætlun þar sem fram koma markmið um afkomu og efnahag hins opinbera í heild til næstu fimm ára. Þá eru einnig sett fram markmið í fjármálum B- og C-hluta ríkissjóðs og B-hluta sveitarfélaga í heild ásamt lykiltölum um áætlaða afkomu og efnahag til næstu fimm ára. Stefnumörkunin byggir á eftirtöldum grunngildum:

1. Sjálfbærni sem felst í því að opinberar skuldbindingar séu viðráðanlegar til skemmri og lengri tíma og leggi ekki ósanngjarnar byrðar á komandi kynslóðir.
2. Varfærni sem miðar að hæfilegu jafnvægi milli tekna og gjalda og að ekki séu teknar ákvarðanir eða aðstæður skapaðar sem geta haft ófyrirséðar og neikvæðar afleiðingar.
3. Stöðugleika sem felst í að stefna í opinberum fjármálum stuðli að jafnvægi í efnahagsmálum.
4. Festu sem felst í því að forðast óvæntar eða fyrirvaralittar breytingar frá gildandi stefnu og áætlunum um þróun opinberra fjármála.
5. Gagnsæi sem felst í því að sett séu auðsæ og mælanleg markmið til meðallangs tíma um þróun opinberra fjármála í samræmi við grunngildi samkvæmt 1.-4. tölulið.

Markmið fjármálastefnu og fjármálaáætlunar um afkomu og efnahag hins opinbera, þ.e. A-hluta ríkissjóðs og A-hluta sveitarfélaga, skv. 1. tölulið 2. mgr. 4. gr. eiga að samræmast eftirfarandi skilyrðum:

1. Að heildarjöfnuður yfir fimm ára tímabil skuli ávallt vera jákvæður og árlegur halli ávallt undir 2,5% af landsframleiðslu.
2. Að heildarskuldir, að frátöldum líffeyrisskuldbindingum og viðskiptaskuldum og að frádregnum sjóðum og banka-innstæðum, séu lægri en nemur 30% af vergri landsframleiðslu.
3. Ef skuldahlutfall skv. 2. tölulið er hærra en 30% skal sá hluti sem umfram er lækka að meðaltali á hverju þriggja ára tímabili um a.m.k. 5% (1/20) á hverju ári.

Rekstur ríkisaðila

Rekstur ríkisfyrirtækja getur falið í sér áhættu fyrir ríkissjóð. Áhættustefna ríkissjóðs felur í sér aðhald í fjármálum stofnana sem falla þar undir. Lög nr. 123/2015 um opinber fjármál setur ríkisaðilum ákveðinn ramma um rekstur og tekur jafnframt á aðhaldi og eftirliti með fjárhag og rekstri þeirra sbr. 31.-35. gr. laganna. Ríkisaðilar skulu á hverju ári móta stefnu fyrir starfsemi sína fyrir a.m.k. næstu þrjú ár. Í stefnunni skal m.a. greina frá markmiðum og almennum áherslum og hvernig þeim verði náð með tilliti til áætlaðra fjárveitinga. Gera skal grein fyrir mælikvörðum og viðmiðum sem lögð eru til grundvallar mati á árangri starfseminnar og niðurstöðum slíks mats fyrir næstliðin ár. Þá skulu ríkisaðilar leggja fyrir hlutaðeigandi ráðherra áætlun um starfsemi sína fyrir komandi fjárlagaár þar sem rekstur er lagaður að fjárveitingum. Í henni skal sýna ráðstöfun fjárveitinga samkvæmt fylgiriti með frumvarpi til fjárlaga og áætlaða dreifingu útgjalda og tekna innan ársins. Jafnframt skal sýna markmið starfseminnar og þá mælikvarða sem beitt er við mat á árangri.

Að staðaldri metur ráðherra langtímahorfur um fjárhagslega framvindu á þeim málefnaviðum og innan þeirra málaflokka sem hann ber ábyrgð á. Þá eru greindir þeir áhættuþættir sem valdið geta frávikum frá áætlunum eða bakað geta ríkissjóði fjárhagslegar skuldbindingar og þannig raskað áætlunum um afkomu ríkissjóðs til lengri tíma. Tilkynt skal um hugsanlega áhættuþætti og gerðar eru tillögur um hvernig brugðist verður við þeim. Þá hefur hver ráðherra reglubundið eftirlit með fjárhag ríkisaðila í A-hluta sem stjórnarmálefnaviði hans tilheyra og greina og bregðast við áhættu

og veikleikum í rekstri. Ef hætta er á að útgjöld verði umfram fjárveitingar skal hann leita leiða til að lækka gjöld innan ársins, millifæra fjárveitingar innan málaflokka eða nýta varasjóði þannig að útgjöld verði ekki umfram fjárveitingar. Öll ráðuneyti eiga að skila fjármála- og efnahagsráðuneyti ársfjórðungslega greinargerð um samiburð raunútgjalda og fjárheimilda og þar sem um veruleg frávik er að ræða skal tilgreina fyrirhuguð viðbrögð vegna þeirra.

Almenn eigendastefna

Eigendastefna ríkisins byggir á því að félög í eigu ríkisins séu rekin með faglegum og gagnsæjum hætti þannig að almennt traust ríki á stjórn og starfsemi þeirra. Markmið ríkisins með eignarhaldi í tilteknum félögum koma oft fram í lögum um hlutaðeigandi félög hafi þau verið stofnsett á grundvelli laga. Sérstök lagaákvæði ganga þá augljóslega framur ákvæðum í eigendastefnu þessari og verður að skýra hana með hliðsjón af þeim ákvæðum. Einnig koma markmið ríkisins með eignarhaldi almennt fram í stofnsamningum og samþykktum félaganna og jafnvel sérstökum þjónustusamningum við ríkið.

Þegar ríkið fer með eignarhald í félagi er lögð mikil áhersla á langtímasjónarmið um uppbyggingu og rekstur þess. Jafnframt er lögð áhersla á að félög í eigu þess, sérstaklega þegar þau sinna samkeppnisrekstri, skili ásættanlegri afkomu og tryggi viðhald tekjumyndandi eigna. Í því felst m.a. að ríkissjóður fái eðlilegan arð af eigin fé í samræmi við áhættu rekstrar. Miðað er við að félög hafi á hverju ári samráð við stjórnvöld sem fara með eignarhald, um sérstök markmið í rekstri og áætlun til næstu fimm ára. Í tengslum við aðalfund félaga skal síðan farið yfir árangur ársins á undan.

Til viðbótar við almenna eigendastefnu hefur ríkið sett sér sérstaka eigendastefnu fyrir fjármálafyrirtæki. Sú stefna snýr annars vegar að ríkinu sem eiganda eignarhluta í fjármálafyrirtækjum og hins vegar snýr hún að markmiðum um sölu og eignarhald í félögum til framtíðar. Mikilvægt er að umsýsla þessara eignarhluta sé fagleg, traust og á markaðsforsendum, m.a. til að hámarka söluandvirði og arðgreiðslur fyrir skattgreiðendur, enda um verðmætar samfélagseignir að ræða, auk þess að gæta langtímahagsmuna ríkissjóðs að teknu tilliti til áhættu.

Stefna í lánamálum

Stefna í lánamálum ríkisins endurspeglar áform stjórnvalda um framkvæmd lánsfjármögnunar á tímabilinu. Leitast er við að marka skýra stefnu í lánamálum og setja fram mælanleg markmið. Stefnan skapar þannig umgjörð fyrir aðgerðir í lánastýringu og er meginmarkmið hennar að tryggja að lánsfjárbörð og fjárhagslegum skuldbindingum ríkissjóðs sé mætt með lágmarkskostnaði að teknu tilliti til varfærinnar áhættustefnu.

Í stefnunni er lýst markmiðum við lánastýringu, viðmiðum við stýringu lánamála, núverandi samsetningu lána ríkissjóðs, helstu áhættuþáttum við lánastýringu og áhættuskuldbindingum ríkissjóðs. Þá er lýst skipulagi við framkvæmd lánamála og hvernig upplýsingagjöf til markaðsaðila og fjárfesta er háttáð.

Við stýringu á lánasafni ríkissjóðs eru eftirfarandi meginmarkmið höfð að leiðarljósi:

1. Að tryggja að lánsfjárbörð og fjárhagslegum skuldbindingum ríkissjóðs sé mætt með lágmarkskostnaði til lengri tíma lítið að teknu tilliti til varfærinnar áhættustefnu.
2. Að tryggja að endurgreiðsluferill lána sé í samræmi við greiðslugetu ríkisins til lengri tíma lítið og lágmarki endurfjármögnunaráhættu.
3. Að viðhalda og stuðla að frekari uppbyggingu á skilvirkum frum- og eftirmarkaði með innlend ríkisverðbréf.
4. Að höfða til breiðs hóps fjárfesta í ríkisverðbréfum og nýta fjölbreytta fjármögnunarmöguleika.

Við stýringu á lánasafninu þarf að taka tillit til áhættuþátta sem tengjast markaðssveiflum svo sem sveiflum á vöxtum, gengi og verðbólgu. Einnig er áhætta tengd endurfjármögnun útstandandi lána. Hér á eftir verður fjallað um stýringu þessara mismunandi áhættuþátta.

Markaðsáhætta

Óstöðugleiki á fjármálamörkuðum, hvort sem hann stafar af sveiflum vaxta, gjaldeyris eða breytinga á verðbólgu, getur leitt til sveiflna á markaðsvirði lánasafnsins, breyttra lánskjara og afborgunarbyrði. Þessir áhættuþættir eru yfirleitt nefndir markaðsáhætta. Með skilvirkri áhættustýringu er leitast við að draga úr áhættu samtímis því að lágmarka vaxtakostnað lánasafnsins. Hægt er að ná þessum markmiðum með virkri stýringu á skuldum ríkissjóðs ásamt því að gera afleiðusamninga með markvissum hætti.

1. Vaxtaáhætta

Vaxtaáhætta er sú áhætta að fjármögnunarkostnaður ríkissjóðs hækki vegna breytinga á vaxtakjörum. Vaxtaáhættan er háð samsetningu lánasafnsins. Ef um breytilega vexti er að ræða felst áhættan í að vextir hækki og þar með vaxtakostnaður ríkissjóðs. Ef vextir á langtímalánum eru fastir er hætta á að ríkissjóður verði af vaxtasparnaði ef vextir lækka á markaði. Til að dreifa áhættu er æskilegt að hafa hluta af lánasafni með breytilegum vöxtum. Verulega hefur dregið úr hlutfalli lána með breytilegum vöxtum í heildarlánasafni ríkissjóðs.

Meirihluti útgefna ríkisverðbréfa, innlendra og erlendra, eða 92%, ber fasta vexti og greiðsluflæði þeirra er því þekkt út líftímann. Um 8% lánanna bera breytilega vexti þannig að greiðsluflæði þeirra mun breytast með breytingum á grunnvöxtum lánanna. Með vaxtaskiptasamningum er hægt að hafa áhrif á vaxtakostnað ríkissjóðs, hlutfall breytilegra og fastra vaxta, vægi verðtryggingar í lánasafni og stýra meðallíftíma (e. duration) lánasafnsins. Í stefnu í lánamálum síðustu ára hefur það komið fram að ríkissjóður kunni að nýta sér slíka samninga þyki það hagfellt fyrir ríkissjóð. Ríkissjóður gerði samning um skiptingu á föstum og breytilegum vöxtum í tengslum við skuldabréfaútgáfu í evrum sumarið 2014 og er það eini útstandandi vaxtaskiptasamningur ríkissjóðs í erlendri mynt. Í ljósi vaxtaþróunar erlendis síðustu missera hefur það reynst ríkissjóði vel.

Lánshæfismat ríkissjóðs hefur farið batnandi á síðustu árum og er nú komið í A flokk hjá matsfyrirtækjunum þremur, Moody's, Standard & Poors og Fitch ratings. Síðasta hækkun lánshæfismatsins átti sér stað í nóvember 2019 þegar Moody's hækkaði lánshæfiseinkunn ríkissjóðs í A2. Bætt lánshæfismat hefur að óbreyttu áhrif til bættra vaxtakjara ríkissjóðs, bæði innanlands og erlendis.

2. Verðbólguáhætta

Verðbólguáhætta er sú áhætta að verðbætur verðtryggðra ríkisbréfa hækki fjármögnunarkostnað ríkissjóðs ef verðbólga eykst. Í árslok 2019 námu verðtryggð lán ríkissjóðs 271 ma.kr. sem er um 27% af lánasafni. Vægi verðtryggðra skulda í heildarlánasafni var umfram viðmið í árslok 2019. Á móti kemur að ríkissjóður á margar verðtryggðar eignir, svo sem lán sem veitt eru Lánasjóði Íslenskra námsmanna en verðtryggingarjöfnuður í lok árs 2019 var neikvæður um ríflega 230 ma.kr. Hægt er að stýra verðbólguáhættu með afleiðum.

Á haustmánuðum 2018 tók ríkissjóður fyrstu skref í notkun vaxtaskiptasamninga á innlendum markaði með það að markmiði að draga úr verðtryggingaráhættu ríkissjóðs. Ríkissjóður mun hafa heimild til að gera slíka samninga fyrir allt að 20 - 40 ma.kr. á ári. Meginmarkmið með notkun þeirra er að stýra vaxtaáhættu ríkissjóðs. Ákvörðun um útgáfu þeirra tekur mið af aðstæðum á markaði hverju sinni.

3. Gjaldeyrisáhætta

Gjaldeyrisáhætta er sú áhætta að skuldastaða ríkissjóðs versni vegna breytinga á gengi íslensku krónunnar gagnvart öðrum gjaldmiðlum. Bein gjaldeyrisáhætta ríkissjóðs er takmörkuð þar sem innstæður ríkissjóðs í erlendri mynt standa á móti erlendum skuldum ríkissjóðs.

Innstæður ríkissjóðs eru hluti af gjaldeyrisforða Seðlabanka Íslands. Gjaldeyrisforðanum er stýrt með virkum hætti samkvæmt viðmiðum sem sett eru um gjaldmiðlasamsetningu. Seðlabanki Íslands leitast við að halda gjaldeyrisáhættu gjaldeyrisforðans í lágmarki. Ríkissjóður leitast almennt við að hafa gjaldeyrisjöfnuð í jafnvægi.

Endurfjármögnunar- og lausafjáráhætta

Einn stærsti áhættuþáttur lánasafnsins er endurfjármögnun þess. Til að draga úr endurfjármögnunaráhættunni er miðað við að endurgreiðsluferill ríkisverðbréfa sé sem jafnastur til lengri tíma lítið. Stærstu gjalddagar á lánum ríkissjóðs á komandi árum og þar með helstu áhættuþættir í lánasafninu með tilliti til endurfjármögnunar eru á árinu 2021, 2022 og 2025. Unnið verður að því að draga úr endurfjármögnunaráhættu með uppkaupum eða skiptiútboðum áður en til gjalddaga kemur.

Lausafjáráhætta er hættan á því að ríkissjóður geti ekki staðið við eða lendi í erfiðleikum við að mæta fjárskuldbindingum sínum eftir því sem þær gjaldfalla. Markmið ríkissjóðs er að stýra lausafé þannig að tryggt sé að alltaf sé nægt laust fé til að mæta skuldbindingum á gjalddaga. Virk lausafjárstýring var tekin upp á vormánuðum 2017. Virk lausafjárstýring felur í sér að ríkissjóður geti tekið og veitt skammtímalán á markaði til að jafna út sveiflur á innstæðureikningum sínum. Miðað er við að innstæður skuli að jafnaði standa sem næst 40 ma.kr. Aðstæður geta komið upp þar sem tímabundin þörf er á hærri innstæðum t.a.m. þegar stýttist í stóra gjalddaga á ríkisskuldbréfum en með lausafjárstýringu er hægt að lána út hluta innstæðna meðan á uppbyggingu þeirra stendur og fá vaxtatekjur af þeim á meðan.

Mótaðilaáhætta

Mótaðilaáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi ríkissjóðs ef viðskiptamaður eða mótaðili á í vanskilum eða getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar. Mótaðilaáhætta ríkissjóðs er takmörkuð og verður fyrst og fremst til vegna útlána, afleiðusamninga, verðbréfalána og handbærs fjár. Útlán ríkissjóðs til annarra aðila en ríkisaðila eru í flestum tilvikum tryggð með veðum eða ábyrgðum frá viðskiptavinum. Þegar kemur að vörslu handbærs fjár og í afleiðuviðskiptum eins og vaxtaskiptasamningum, er almennt miðað við að mótaðilar séu með lánshæfiseinkunn í fjárfestingaflokki. Til viðbótar þurfa mótaðilar í vaxtaskiptasamningum á innlendum markaði að reiða fram tryggingu í upphafi sem nemur 3% af fjárhæð samnings.

Rekstraráhætta

Rekstraráhætta er áhætta vegna taps sem stafar af ófullnægjandi eða gölluðum innri verkferlum, mistökum og aðgerðum eða aðgerðaleyzi starfsmanna, sviksemi, ófullnægjandi upplýsingakerfum eða vegna ytri atburða í rekstri ríkissjóðs. Rekstraráhætta nær til starfsmannaáhættu, áhættu vegna svika, áhættu vegna upplýsingatækní, áhættu vegna aðstöðu eða ófullnægjandi öryggisráðstafana, lagalega áhættu og upplýsingaáhættu. Aðrir helstu áhættuþættir rekstraráhættu eru útivistunaráhætta og orðsporsáhætta.

Þjóðarsjóður

Áformað er að komið verði á fót svonefndum Þjóðarsjóði með það að markmiði að draga úr áhættu ríkissjóðs vegna þeirra miklu óvissu sem lítið opið hagkerfi stendur frammi fyrir. Sjóðnum verði ætlað að gegna því megin hlutverki að verða eins konar áfallavörn fyrir þjóðina þegar ríkissjóður verður fyrir fjárhagslegri ágjöf í tengslum við meiri háttar ófyrirséð áföll á þjóðarhag, annað hvort vegna afkomubrests eða vegna kostnaðar við viðbragðsráðstafanir sem stjórnvöld hafa talið óhjákvæmilegt að grípa til. Hér er átt við skakkaföll sem eru fátíð en sagan sýnir að geta riðið yfir á nokkurra áratuga fresti. Um er að ræða áföll sem ríkissjóður hefði að óbreyttu ekki nægilegan fjárhagslegan styrk til að mæta án þess að það leiði til verulegra samtímaáhrifa á velferð borgaranna vegna skertrar starfsemi hins opinbera eða hefði í för með sér skuldabyrði sem yrði þungbær um langa hríð og jafnvel ósjálfbær.

Skýring 32. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Helstu reikningsskilaaðferðum ríkissjóðs er lýst í viðkomandi skýringum að öðru leyti en fram kemur hér á eftir.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggir atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaður er færður á því tímabili þegar til hans er stofnað.

Viðskipti í erlendri mynt

Viðskipti í annarri mynt en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggja kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Í þeim tilvikum að ending eignar miðast við ákveðinn tímafjölda eða annað slíkt viðmið ræðst afskrift að hlutfalli notkunar að ætlaðri heildarnotkun. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörstigi og breytt ef við á.

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluhagnaður/-tap af sölu eigna er mismunur á söluverði að frádregnum sölukostnaði og bókfærðu verði á söludegi. Söluhagnaður/-tap er fært í yfirlit um afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum eftirstöðva endingartíma viðkomandi eigna.

Verð- og gengistryggðar eignir og skuldir

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á því gengi sem síðast var skráð á árinu. Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í janúar 2019. Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í yfirlit um afkomu.

Fjármálagerningar

Fjáreignir eru aðgreindar í eftirfarandi flokka: langtímakröfur og aðrar skammtímakröfur. Langtímakröfur eru upphaflega færðar á gangvirði að viðbættum viðskiptakostnaði og síðan metnar á niðurfærðu kostnaðarverði. Aðrar skammtímakröfur eru upphaflega færðar á nafnverði. Niðurfærsla vegna áætlaðs taps er færð þegar hlutlæg vísibending er um að eignin hafi rýnað. Vextir, virðisrýrnun og gengishagnaður/tap eru færð í yfirlit um afkomu.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum ríkissjóðs.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Leigusamningar

Fjármögnunarleiga er leiga sem færir ríkissjóði sem leigutaka nær alla áhættu og ávinning af eignarhaldi á hinni leigðu eign. Í upphafi fjármögnunarleigusamnings er færð eign og skuld sem er jöfn gangvirði hinnar leigðu eignar eða núvirði lágmarksleigugreiðslna, hvort sem lægra er. Eignfærð fjárhæð er niðurfærð á því tímabili sem vænst er ávinnings af notkun eignarinnar.

Rekstrarleiga, þar sem leigusali heldur verulegum hluta áhættu og ávinnings af eignarhaldi hins leigða, er gjaldfærð á kerfisbundinn hátt yfir leigutímanum. Úrbætur á hinu leigða eru eignfærðar og kostnaður er afskrifaður á eftirstöðvum leigutíma leigusamnings eða áætluðum nýtingartíma endurbóta, hvort sem styttra er. Afsláttur og ívilnun vegna leigu eru færð jafnt yfir leigutímann sem lækkun á leigukostnaði.

Aðrar skuldir og skuldbindingar

